

Menningar- og búsetulandslag

Greinargerð unnin fyrir Minjastofnun Íslands



Orri Vésteinsson

Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í fornleifafræði

Reykjavík 2020

2. útgáfa, apríl 2020

Forsíðumynd: Höfuðborgarvæðið á Herforingjaráðskorti frá 1909. Heimild:
Landmælingar Íslands.

Efnisyfirlit

Formáli.....	4
1. Inngangur.....	5
1. 1. Menningarlandslag – hugtök og merking.....	5
1. 2. Verndun menningarminja á Íslandi – viðhorf til landslags. Sögulegt yfirlit.....	10
1. 3. Alþjóðlegir straumar í verndun menningarlandslags	17
2. Tillögur – búsetulandslag	21
2.1. Flokkun búsetulandslags	22
2.1.1. Tillaga að aðferðafræði.....	23
2.2. Mat á gildi búsetulandslags.....	24
3. Tillögur – menningarlandslag.....	25
3.1. Afmarkað menningarlandslag	25
3.2. Afmörkun menningarlandslags.....	27
3.2.1. Þingstaðir.....	29
3.2.2. Kauphafnir	39
3.2.3. Miðstöðvar á landsvísu	48
3.2.4. Sögusvið Íslendingasagna.....	51
4. Niðurstöður.....	53
Heimildir	56

Formáli

Í lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) er skilgreint hvað teljist til menningarminja (1.gr., 2. mgr.): „Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag ... Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu.“ Jafnframt er skilgreint í 3. gr. hvað teljist til fornleifa: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: a. búsetulandslag ...“ Sú grein er samhljóða fyrri lögum (Þjóðminjalög nr. 107/2002 (9. gr, liður a.)) en í þeim var nýjung að tala um búsetulandslag. Í greinargerð með frumvarpinu 2001 er útskýrt að “... með orðinu búsetulandslag er átt við landslag sem mótað er af búsetu eða starfsemi manna.” Í greinargerð með frumvarpinu frá 2012 kemur fram í athugasemdum um 1. gr: “Sú skilgreining á menningarminjum sem tekin er upp í 2. mgr. er víðari og jafnframt skýrari en í gildandi lögum. Þannig er menningar- og búsetulandslag bætt við upptalninguna til að undirstrika mikilvægi þess að vernda minjaheildir og blandaðar minjar en ekki einungis stakar minjar.”

Annarskonar opinber skilgreining á því hvenær landslag telst vera „menningar- og/eða búsetulandslag“ er ekki til, né heldur er til skrá um slíka staði. Hinsvegar eru fræðilegar og samfélagslegar forsendur fyrir hugsun löggjafans vel þekktar og gefa góða undirstöðu fyrir frekari útfærslu hugtakanna. Í þessari greinargerð er fjallað um þær forsendur, rakin þróun verndunarhugmyndafræði bæði í íslensku- og alþjóðlegu samhengi og greint frá ríkjandi viðhorfum sem koma fram í alþjóðsamningum jafnt sem löggjöf og framkvæmd í nágrannalöndum okkar. Á þeim grundvelli verður lögð fram tillaga að aðferðafræði til að skilgreina og afmarka „menningar- og búsetulandslag“ og tekin dæmi af höfuðborgarsvæðinu – þar sem einna mest reynir á verndun menningarminja vegna örra og róttækra breytinga á landnotkun.

Skýrslan er samin af Orra Vésteinssyni, prófessor í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Birna Lárusdóttir og Gísli Pálsson fornleifafræðingar veittu ráðgjöf, lásu drög að allri skýrslunni og bentu á fjölmargt sem stóð til bóta. Skýrslu þessa á að skoða sem forspil, reifun á hugmyndum og hugtökum sem þurfa frekari krufningu og útfærslu.

1. Inngangur

1. 1. Menningarlandslag – hugtök og merking

Hugtakið **menningarlandslag** á sér ekki langa sögu og merking þess hefur til skamms tíma ekki verið skýrt mótuð. Hugtakið er ættað úr listasögu en á Endurreisnartímanum brydduðu málarað upp á þeirri nýjung að mála myndir af fólki með raunverulegt landslag í bakgrunni, yfirleitt sveitalandslag í nágrenni borganna sem flestir listmálarað bjuggu í. Fljótlega þróaðist þetta út í að mála myndir af náttúrunni í aðalhlutverki og í hollensku var notað um þetta hugtakið „landschap“ sem tekið var upp í ensku í byrjun 17. aldar sem „landscape“ og síðan yfir í önnur, t.d. norrænu málin sem „landskab/ landskap.“ Þróun landslagsmálverksins næstu aldirnar (með hliðstæðu í ljóðlist og bókmenntum) sýnir vel breytingar á náttúruskynjun og vaxandi áhuga á að njóta fegurðar og stemningar. Á 19. öld óx áhugi á því að fanga óspillta náttúru og listmálarað fóru í leiðangra á framandi slóðir til að mála slík viðfangsefni en segja má að leit þeirra, samhliða leit landkönnuða og vísindamanna, hafi á endanum leitt til þeirrar niðurstöðu að það sé varla til það landslag sem ekki er á einhvern hátt mótað af mönnum. Á tímum loftslagshamfara er þetta einkar skýrt í hugum okkar: við skynjum vel hvernig fyrirbæri eins og jöklar eða úthöfin, sem ekki er á neins manns færi að breyta eða hemja, eru samt sem áður að breytast vegna áhrifa mannkyns.

Allt landslag er í þessum skilningi menningarlandslag. Hálendi Íslands er menningarlandslag vegna þess að gróðurfar þess hefur gerbreyst sökum beinna og óbeinna áhrifa búfjárbæitar eftir landnám.¹ Það er vel hægt að upplifa hálendi Íslands sem óspillt víðerni en upplifun sem byggir á þekkingu á sögu hálendisins, ferða um

¹ Sjá m.a. Birna Lárusdóttir 2019.



Mynd 1. Þórarinn B. Þorláksson, Þingvellir, málað árið 1900. Eitt elsta landslagsmálverk eftir íslenskan listmálara. Hestar, hús og slegin tún kallast á við fjöllin, vatnið og himininn.

Það, könnun þess og nýtingu, er dýpri og, fyrir Íslendinga a.m.k., hluti af sameiginlegum verðmætum sem mynda grundvöll að sjálfsmynd okkar sem þjóð.

Þessi víði skilningur á menningarlandslagi er gagnlegur sem grundvallarsjónarmið en hann kallar líka á nánari útfærslur á því hvernig skilgreina eigi og varðveita ákveðið landslag. Það liggur í augum uppi að verndun menningarlandslags krefst annarskonar meðala en verndun einstakra mannvirkja eða náttúruvætta þar sem hægt er að stýra aðgengi og umgengni. Verndun menningarlandslags felur í sér að varðveita einkenni og yfirbragð. Til dæmis eru fjölmargar borgir með milljónum íbúa á heimsminjaskrá UNESCO en ekki er þar með sagt að í þeim megi ekki byggja ný mannvirki eða breyta þeim sem fyrir eru. Breytingum og nýbyggingum eru settar ákveðnar skorður til að þær skerði ekki þau gildi sem verndunin byggir á, en innan þess ramma er yfirleitt talsvert svigrúm því í raun er langoftast hægt að finna lausnir sem svara kröfum um uppfærslu og endurnýjun án þess að borgarlandslagið sé skemmt. Til þess að þetta gangi nokkurn

vegin snurðulaust fyrir sig verður tvennt að koma til. Í fyrsta lagi verða gildin sem verndunin byggir á að vera skýr og í öðru lagi verður þekking á þessum gildum að vera útbreidd og hafa hljómgrunn í samfélaginu.

Segja má að ef landslag og menningarlandslag er það sama þá sé seinna hugtakinu ofaukið. Það vísar hins vegar sérstaklega til hinna menningarlegu gilda sem gera landslag verðmætt og þjónar mikilvægu hlutverki þegar rætt er um verndun ákveðinna svæða með skírskotun til slíkra gilda. Allt landslag sem mótað er af mannum beint eða óbeint er því menningarlandslag alveg eins og það er líka náttúra en ákveðin svæði geta haft verndunargildi fyrst og fremst sem annaðhvort.

Ásamt menningarlandslagi er hugtakið **búsetulandslag** notað í Lögum um menningarminjar. Þessi hugtök voru til skamms tíma notuð sem samheiti en hér er lagt til líta eigi á búsetulandslag sem tegund af menningarlandslagi, að það standi næst hugtökum eins og „sveit“ og „áttagi“. Búsetulandslag er þá það menningarlandslag þar sem ummerki um búsetu og hefðbundna atvinnuvegi, bæði til sjós og lands, hafa sett mark sitt á landið. Búsetulandslagið er sveitabæirnir og mannvirkin sem þeim tilheyra, leiðirnar á milli þeirra, tún, engjar og hagar, fiskimið og veiðistaðir, örnefnin, sögurnar og minningarnar sem tengjast öllu þessu. Það er landslagið sem fólk bjó í, sem það mótaði og var sjálft mótað af. Búsetulandslagið er víðfeðmt – á Íslandi má segja að nánast allt land á láglandi sé búsetulandslag, auk miðanna og afrétta. Búsetulandslag 20. aldar er Íslendingum kunnuglegt, en eitt megineinkenni þess er að þrátt fyrir miklar breytingar – steypubyggingar, framræslu og túnasléttun – þá eru þær í rökréttu framhaldi af því sem áður var, þrjónað við fremur en straujað yfir. Margir kannast líka við eldra búsetulandslag því þó það sé ekki jafnáberandi eru víða umtalsverðar leifar af því og á nokkrum stöðum er til búsetulandslag frá miðöldum (sjá neðar um landshætti). Vegna þess að búsetulandslag sveitanna er kunnuglegt, og var, sérstaklega fyrir eldri kynslóðir, alltumvefjandi – venjulegt – er enn sem komið er ekki sterkt ákall um varðveislu þess, en það á eftir að breytast. Sárálítið er eftir af 20. aldar búsetulandslagi á höfuðborgarsvæðinu og í stórum kraga í kringum það – frá Borgarfirði til Suðurlandsundirlendisins – er búsetulandslagið að taka miklum breytingum með vaxandi sumarhúsabygging, skógrækt og margskonar framkvæmdum tengdum iðnaði og afþreyingu. Þessar breytingar munu fyrr en síðar kalla á aðgerðir til að vernda það sem þó er eftir, en líka má búast við vaxandi kröfu um að breytingar á landnotkun séu gerðar í sátt við það sem áður var, í eðlilegu framhaldi af því.

Borgarlandslag vísar til þess að borgir hafa sinn sérstaka karakter sem er ólíkur frá einni borg til annarrar en líka innan borga. Borgarlandslag miðbæjarins í Reykjavík er

augljóslega annarskonar en borgarlandslag Breiðholtsins. Það snýst um stærð og hlutföll bygginganna, afstöðu þeirra hverrar til annarrar og opnu rýmanna, gatnanna og garðanna. Borgin hefur valtað yfir tún, holt og móa og eytt búsetulandslaginu sem á undan var, eða í besta falli hulið það og falið. Það dregur ekki úr því að borgarlandslagið getur sjálft haft gildi sem menningarlandslag. Það landslag sem fólk býr í er auðvitað það landslag sem skiptir það mestu máli og í því getur jafnvel lítil söguleg dýpt haft mikið gildi.

Á meðan landslag lýsir því sem er þá eru **landshættir** það sem var. Landslagið er það sem hönd á festir en landshættirnir ná einnig yfir hegðun fólks, aðferðir þess, hugmyndir, stefnur og strauma sem mótuðu hvernig fólk umgekkst landið á hverjum tíma. Þannig má tala um landshætti 19. aldar og landshætti víkingaaldar. Hvorttveggja er að stórum hluta horfið en við gerum okkur hugmyndir um þessa hluti sem stýra upplifun okkar af þeim minjum sem þó eru eftir. Í menningarlandslaginu sjást mismikil ummerki um landshætti fortíðar, yfirleitt meiri um þá sem yngri eru en rannsóknir geta einnig haft áhrif á þetta. Þannig hefur til dæmis byggst upp ágætlega skýr mynd af landsháttum í Kvosinni í Reykjavík á víkingaöld, mun skýrari en til dæmis myndin af landsháttum þar á 16. eða 17. öld.

Söguleg dýpt vísar til þeirra ummerkja um fortíðina sem sýnileg eru í menningarlandslaginu, þar með talin örnefnin sem oft eru skýrustu vegvísarnir í þessum efnum. Söguleg dýpt getur verið mismikil og hún getur verið misáberandi. Á gatnamótum Aðalstrætis, Kirkjustrætis, Túngötu og Suðurgötu getur kona fengið beint í æð sögulega dýpt sem nær aftur á landnámsöld þar sem göturnar taka enn þá mið af því hvar fyrsti Reykjavíkurbærinn var byggður. Annarsstaðar í miðbænum geta vegfarendur tengt við sögulega dýpt í borgarlandslaginu sem nær aftur á 19. öld en utan Hringbrautar er þessi dýpt víðast miklu minni. Þar er enn fremur iðulega búið að afmá þau merki sem hefðu getað gefið tilfinningu fyrir tengslum við búsetulandslagið sem á undan fór og sögulegri dýpt þess – þar sem áður stóðu bæirnir Rauðará, Ánanaust, Kleppur, Gufunes og margir fleiri eru nú bara malbikaðar götur og bílastæði og bókstaflega ekkert sem minnir á hvernig umhorfs var á þessum stöðum bara fyrir nokkrum áratugum síðan.²

Í sambandi við sögulega dýpt má líka tala um þéttleika þekkingarinnar.³ Þekking á sögulegri dýpt getur verið þunnur þráður, fáeinar vísbendingar sem marka óljósa slóð aftur til fortíðar, en slík þekking getur líka verið ríkuleg, þétt og mikil að vöxtum. Þetta

² Oddgeir Isaksen 2011.

³ „Dense local knowledge“ sbr. Geertz 1983; Johnson 2007, bls. 127-30.

hefur mikið að segja um upplifun fólks af gildi menningarlandslags. Þar sem þekkingin er mikil er gildið fremur talið ótvírætt. Þekkingin getur verið öllum aðgengileg en hún getur líka legið óvirkjuð í jörðu. Minjaverndaryfirvöld glíma við þann vanda að reyna að varðveita fyrir komandi kynslóðir þekkingu sem við vitum enn ekki hver er. Fornleifar í jörðu eru óvirkjuð þekking og það getur verið á brattan að sækja að sannfæra fólk um sögulega dýpt einhvers tiltekins staðar ef fornleifarnar liggja enn óvirkjaðar í jörðu: „Ég veit að hér er mikil saga, ég veita bara ekki í hverju hún felst.“ Eitt af því sem er breytilegt er hversu miklir möguleikar liggja í tilteknu menningarlandslagi á því að dýpka þekkingu um það. Þá möguleika verður að taka með í reikninginn þegar gildi menningarlandslags er skilgreint.

Söguskynjun má hafa um það að það er misjafnt hvaða atriði í sögunni fólk tengir við og sem því finnst gefa landslaginu gildi. Söguskynjun fólks er samsett úr þess eigin reynslu, sögum og fróðleik sem það hefur heyrt í nærumhverfi sínu og lærdómi sem er kenndur í skóla eða haldið að fólki með öðrum hætti. Lærdómurinn er afrakstur rannsókna, þróunar og miðlunar – hann er í þeim skilningi tilbúinn og felur alltaf í sér einhverskonar úrval, það sem hefur þótt mikilvægast eða merkilegast er dregið fram og því haldið á lofti en annað fær að liggja í láginni. Mat á því hvað er mikilvægt og merkilegt breytist með tímanum. Margt af því sem við teljum nú hiklaust merkilegt þótti ekki vera það fyrir svo löngu síðan, og annað sem fólk var mjög upptekið af til skamms tíma þykir nú ómerkilegt. Allir helstu sögustaðir þjóðarinnar hafa orðið að sögustöðum, ekki af sjálfu sér heldur fyrir þrotlaust starf fólks sem taldi sig skynja menningarsögulegt gildi þeirra og lagði á sig ómælda vinnu við að sannfæra meðborgara sína um af hverju þeir skiptu svona miklu máli. Sjálfir Þingvellir eru gott dæmi um þetta – þegar Jónas orti að nú væri Snorrabúð stekkur var enginn nema hann og nokkrir aðrir sérvitringar að hafa áhyggjur af „fornaldarfrægð“. Það þurfti gríðarlegt átak til að rífa upp stemningu meðal Íslendinga fyrir Þingvöllum og á stöðum eins og Hólum og Reykholti þurfti að stofna skóla til að þar mætti verða einhverskonar endurreisn. Nú finnst okkur óþarfi að ræða gildi slíkra staða en það er vert að hafa í huga að það gildi er mannaverk. Það þýðir að aðrir staðir munu eiga eftir að fá gildi, og það er á ábyrgð okkar að skila þeim þannig til komandi kynslóða að þær geti mótað sína eigin söguskynjun.

1. 2. Verndun menningarminja á Íslandi – viðhorf til landslags. Sögulegt yfirlit

Konungleg nefnd til varðveislu fornleifa hafði forgöngu um að 10 fornleifar voru friðlýstar á Íslandi árið 1817. Fornleifarnar voru valdar af skrá sem Finnur Magnússon leyndarskjalavörður og rúnafræðingur hafði tekið saman og endurspegla hugmyndir hans og nefndarinnar um hvað mestu máli skipti að varðveita fyrir komandi kynslóðir. Af fornleifunum tíu voru aðeins þrír eiginlegir minjastaðir – Snorralaug, Borgarvirki og dómhringur á Þingvöllum á Þórsnesi – en hinar sjö voru allt áletranir, mest rúnaáletranir á legsteinum.⁴

Óhætt er að segja að friðlýsingarnar 1817 hafi haft takmarkaðan hljómgrunn í íslensku samfélagi á þeim tíma. Þær endurspegluðu upplýsingarhugmyndir sem voru að ryðja sér til rúms í dansk-norskri stjórnsýslu og áhuga stjórnvalda á að nýta og varðveita minnismerki fortíðar til að styrkja ríkisheildina. Það var ekki fyrr en um hálfri öld síðar sem Íslendingar sjálfir byrjuðu að vakna til meðvitundar um nauðsyn þess að varðveita menningarminjar. Fram að því höfðu forngripir, sem hér fundust og taldir voru merkir, verið sendir á Þjóðminjasafnið í Kaupmannahöfn en með vaxandi þjóðerniskennnd á Íslandi kom fram krafa um að slíka gripi ætti að varðveita á safni innanlands. Stofnun Forngripasafnsins í Reykjavík 1863 var svar við þessu kalli og hún markar upphafið að skipulegri minjavörslu á Íslandi. Eðli málsins samkvæmt var áhersla hins nýja safns á gripi, að safna þeim, varðveita þá og sýna, en í kjölfarið óx líka áhugi á minjastöðum út um landið. Rannsóknir Sigurðar Guðmundssonar málara á Þingvöllum⁵ mörkuðu tímamót á þessu sviði og áttu drjúgan þátt í því að gera Þingvelli að þeim helgistað sem hann hefur síðan orðið í hugum Íslendinga. Það er athyglisvert að fyrir Sigurði voru Þingvellir ekki bara staður með minjum um fornt þinghald heldur heildstætt landslag þar sem allt hjálpaðist að við að varðveita og kalla fram minningar um liðna atburði og horfna þjóðfélagsskipan (Mynd 1). Að þessu leyti var Sigurður langt á undan sinni samtíð en annars hafði 19. aldar fólk aðallega áhuga á fornleifum sem vitnisburði um sannleiksgildi Íslendingasagna. Danski fornfræðingurinn Kristian Kaalund lagði grundvöll að

⁴ Sveinbjörn Rafnsson 1983, bls. xvii. Almennt um efni þessa kafla sjá Aldred 2006.


⁵ Sigurður Guðmundsson 1878.



Mynd 2. Málverk Williams Collingwood frá 1897 þar sem hann ímyndar sér alþingi að störfum á þjóðveldisöld. Hann sýnir þingbúðir þar sem tóftir eru í Almannagjá en það er landslagið sem hér er í aðalhlutverki.

rannsóknnum á þessum sviði með könnun sinni á íslenskum sögustöðum – stöðum sem minnst var á í fornritum eða tengdust þeim með einhverjum hætti – á áttunda áratug 19. aldar,⁶ en undir lok hans var stofnað Hið íslenska fornleifafélag og á vegum þess voru gerðir út leiðangrar næstu áratugina þar sem gripum var safnað fyrir safnið í Reykjavík og gerðar athuganir og jafnvel minniháttar uppgreftir á minjastöðum. Lengi framan af einskorðuðust þessar rannsóknir við staði sem tengdust frásögnum fornrita og þó að aðaláherslan hafi verið á mannvirkjaleifar – einkum þingstaði, hof og skála landnámsmanna – þó voru líka gerðar athuganir á staðhättum og landslagi til að skilja betur lýsingar fornritanna og gefa þeim aukið gildi. Fræg er lýsing Sigurðar Vigfússonar á Einhamri í Geirþjófsfirði þar sem Gísli Súrsson háði sinn síðasta bardaga.

⁶ Kaalund 1877-82.



Mynd 3. Uppdráttur Sigurðar Vigfússonar af Kleifunum í Geirþjófsfirði sem fylgdi grein hans um fornleifar á Vestfjörðum í Árbók fornleifafélagsins 1883. Í greininni staðsetur hann nákvæmlega atburðarásina í lokabardaga Gísla sögu Súrssonar með samanburði á landslaginu og frásögn sögunnar.

Sigurður beitti þar því sem mætti kalla innlifunarfornleifafræði til að endurgera atburðarásina í landslaginu og gaf þannig bæði því og sögunni aukið gildi (Mynd 2).⁷

Undir lok 19. aldar fór að bera á auknum áhuga fræðimanna á öðrum fornleifum en bara þeim sem hægt var að tengja fornritunum og voru þar fyrirferðarmestar rannsóknir á eyðibýggðum. Vaxandi skilnings og áhuga gætti á almennu gildi fornleifa til að skilja sögu lands og þjóðar og til að skilja sögu víkingaaldar, einkum og sérílagi sögu landkönnunar og landnáms norrænna manna í Norður Atlantshafi. Með slík hugðarefni að leiðarljósi færðu menn á borð við Þorstein Erlingsson og Daniel Bruun út kvíarnar í íslenskum fornleifarannsóknum og beittu þeir uppgraftartækninni með

⁷ Sigurður Vigfússon 1884.

miklu umfangsmeiri og skipulegri hætti en áður hafi tíðkast.⁸ Daniel Bruun rannsakaði jöfnum höndum forna sögustaði, eyðibýli og byggingarhætti og þjóðhætti samtímans og lagði með teikningum sínum og lýsingum á bæjarstæðum grundvöll að þekkingu okkar á landslagi íslenska sveitabæjarins (Mynd 3).

Í upphafi 20. aldar voru samþykkt í fyrsta skipti sérstök lög um fornleifar á Íslandi – Lög um verndun fornminja frá 16. nóv 1907. Í lögunum er skilgreining á því hvað teljist til fornleifa, með kyrfilegri áherslu á áþreifanlega hluti, gripi og mannvirki. Nýju embætti Fornminjavarðar – sem fljótlega var farið að kalla Þjóðminjavörð – var falið að semja skrá um allar fornleifar „sem nú eru kunnar og honum þykir ástæða til að friða.“ Hinsvegar bar svo við, að fljótlega eftir setningu laganna datt allt í dúnalogn í fornleifarannsóknum á vettvangi og liðu um þrír áratugir áður en þær hófust af krafti á ný. Á árunum í kringum 1930 friðlýsti Matthías Þórðarson þjóðminjavörður nokkur hundruð minjastaði um land allt og byggði hann að langmestu leyti á rannsóknum Kaalunds, Fornleifafélagsins og Daniels Bruuns. Á þessari skrá kennir ýmissa grasa en það einkennir þessar elstu friðlýsingar að áherslan er á skýrt afmarkaðar tóftir eða önnur mannvirki og er þess iðulega gætt í friðlýsingarskjölunum að tiltaka hvert mannvirki eða stað á viðkomandi svæði þannig að friðlýsingunni hefur greinilega verið ætlað að ná bara til hinna einstöku mannvirkja en ekki svæðanna á milli þeirra. Dæmi um þetta má taka frá Húsafelli þar sem sex fornleifastaðir (og eitt Grettistak) eru tilgreindir á litlu svæði sem í dag þætti eðlilegra að líta á sem eitt samhangandi minjasvæði. Annað dæmi af sama toga er Straumfjörður á Mýrum þar sem sex mismunandi staðir sem flestir tengdust verslunarsögu staðarins eru tilgreindir. Undantekningar frá þessari nálgun eru þó einkum fornir kaupstaðir og þingstaðir en þeir voru oftast friðlýstir sem heildir þó að mannvirkjaleifarnar sem þeim tengdust gætu verið margvíslegar og dreifst yfir stór svæði – dæmi má taka af Básendakaupstað og Hegranesþingstað.

Eitt höfuðverka Matthíasar var ítarleg greinargerð hans um Þingvelli þar sem hann bætti verulega um betur frá rannsóknum Sigurðar málara og nafna hans Vigfússonar frá áttunda og níunda áratug 19. aldar. Rannsóknir Matthíasar á Þingvöllum bera greinilega með sér að hann skildi vel hvernig sá staður væri samstæð heild, ofin úr flóknu samspili landslags, mannvistarleifa, ritheimilda, minninga, sögu og tilfinninga.⁹ Hann hefur hinsvegar líklega talið að Þingvellir væru einstakur staður hvað þetta varðaði, vorþingstaðirnir kæmust kannski í námunda, en yfirleitt væru íslenskir

⁸ Þorsteinn Erlingsson 1899. Bruun 1897.

⁹ Matthías Þórðarson 1922, 1945.

minjastaðir ekki annað en einstakar mannvirkjaleifar. Sérstaða Þingvalla var staðfest með lögum nr. 57/1928 þar sem Þingvellir voru friðlýstir sem „helgistaður allra Íslendinga“. Þó það væri ekki orðað þannig í lögnum var í raun um stofnun þjóðgarðs að ræða¹⁰ en áratugir áttu eftir að líða þangað til stofnað var til þjóðgarða á Íslandi á einberum náttúruverndarforsendum.¹¹

Eftirmenn Matthíasar í embætti þjóðminjavarðar friðlýstu mun færri staði, en hjá þeim má merkja greinilegar viðhorfsbreytingar. Þeir bættu einkum við fornleifum í flokkum sem ekki höfðu átt upp á pallborðið hjá Matthíasi og heimildamönnum hans, og eru það sérílagi minjar sem tengjast atvinnu- og búskaparsögu seinni alda. Í mörgum af friðlýsingum Kristjáns Eldjárns og Þórs Magnússonar eru minjaheildir friðlýstar með þannig orðalagi að ómögulegt er annað en að allt landslagið fylgi. Þannig friðlýsti Kristján „Seltóftir margar, hella og önnur mannvirki í og við norðurenda Selgjár“ í landi Urriðakots árið 1964 og Þór Magnússon friðlýsti „Allar gamlar mannaminjar á jörðinni Herdísarvík, svo sem fiskigarða, verbúðir, tættur af íveruhúsum, peningshúsum, útihúsum, þar á meðal seljarústir í Seljabót“ árið 1976.

Þessar breyttu áherslur má m.a. rekja til þess að eftir því sem leið á 20. öldina óx trú manna á því að fornleifarannsóknir gætu varpað sjálfstæðu ljósi á fortíðina. Það voru ekki lengur bara Íslendingasögurnar sem voru taldar skipta máli heldur almennar spurningar um sögu lands og þjóðar, spurningar sem vöktu ekki síður áhuga útlendinga en Íslendinga. Sumarið 1939 kom til Íslands leiðangur norrænna fornleifafræðinga sem beindi einkum sjónum sínum að Þjórsárdal og gróf upp fjölda bæjarstæða þar og í Borgarfirði.¹² Þessar vönduðu rannsóknir sýndu að á Íslandi mátti finna heimildir um álitamál eins og þróun norrænnar húsagerðar og um gagnkvæm áhrif samfélags og umhverfis. Aukinn skilningur á möguleikum íslenskrar fornleifafræði til að varpa ljósi á sögu landsins og til að leggja af mörkum í alþjóðlegri umræðu um sögu mannkyns jók gildi fornleifanna. Það sem áður hafði virst gangslaust var í vaxandi mæli álitid verðmæti sem Íslendingum bæri skylda til að varðveita, sjálfra sína vegna en líka vegna alþjóðlegs gildis minjanna.

Á sama tíma, um og eftir miðja 20. öld, varð gerbreyting á íslenskum landsháttum. Þéttbýlisstaðir, sérílagi á höfuðborgarsvæðinu, þöndust út, margar sveitir lögðust alveg í eyði og ásýnd hinna tók algerum stakkaskiptum. Uppbyggðir vegir tóku við af

¹⁰ Staðfest í núgildandi lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47, 1. júní 2004.

¹¹ Skaftafell 1967 og Jökulsárgljúfur 1973.

¹² Stenberger red. 1943.

götutroðningum, stór steypuhús komu í stað torf- og timburhúsa og móum og mýrum var breytt í tún. Þær breytingar sem hafa orðið á síðustu 70 árum eru mesta umbylting á íslensku landslagi sem orðið hefur frá landnámi.

Umbyltingin felst bæði í umfangi framkvæmdanna og breyttri landnotkun en líka í því að samband fólks við landið hefur gerbreyst. Stærstur hluti þjóðarinnar hefur ekki lengur lifibrauð sitt af landinu sjálfu. Stórbættar samgöngur þýða að fólk getur ferðast vítt og breitt – og ört – og skoðað staði sem áður voru aðeins á fátta vitorði. Stórbætt lífskjör þýða að fólk gerir kröfu um að geta skoðað landið og lítur á að það sem hluta af nútíma lífsgæðum að geta upplifað bæði náttúruna og söguna í landinu. Hraði og umfang breytinganna hafa vakið upp tilfinningar eins og eftirsjá eftir hinu horfna og breytt gildismati þannig að fyrirbæri eins og „ósnerit/óspjöllun náttúra“ sem áður voru verðlaus hafa fengið mikið gildi – einfaldlega af því að þeim hefur fækkað svo mjög.

Þessara samfélagsbreytinga sér stað í viðhorfum til minjaverndar og umhverfisverndar – sem eru greinar af sama meiði. Þær miða að því að skilgreina verðmætin áður en þeim er kastað á glæ, að fólk og framkvæmdaaðilar geri sér grein fyrir þeim kostnaði sem það hefur í för með sér að umbreyta landinu, og að virkja þau gæði sem vernduð eru þannig að einstaklingar og samfélag geti notið þeirra.¹³

Það er lýsandi fyrir þessar breytingar og ný viðhorf sem þeim fylgdu að mjög hátt hlutfall friðlýsinga sem þinglýstar hafa verið eftir 1950 eru í þéttbýlisstöðum og næsta nágrenni þeirra, sérílagi á höfuðborgarsvæðinu. Í því má sjá viðbragð við þeirri umbyltingu sem var að verða og viðleitni til að vernda staði og svæði sem þéttbýlisbúar þekktu í eigin umhverfi eða gætu kynnst og notið ef þeir nyttu verndar og vakin væri athygli á þeim. Á sama tíma óx meðvitund um gildi gamalla húsa og frá um 1970 hefur húsavernd að mörgu leyti tekið fram úr hefðbundinni minjavernd, bæði hvað varðar skilvirkni verndunaraðgerða (einkum í gegnum Húsafriðunarsjóð sem styrkir viðhald gamalla húsa) og hugmyndafræðilegan og lagalegan grundvöll verndunarstefnunnar. Eins og með fornleifarnar var áherslan í húsavernd upphaflega á einstakar byggingar en mjög snemma var einnig farið að leggja áherslu á yfirbragð byggðar. Strax í fyrstu húsakönnuninni sem gerð var í Reykjavík 1968-70 var talað um „verndun götummyndar“¹⁴ og er sú nálgun fest í sessi í Skipulagslögum (fyrst 1997¹⁵) með hugtakinu „hverfisvernd“ og innsigluð með lögum um verndarsvæði í byggð frá 2015.¹⁶


¹³ Um menningararfsvæðingu sjá Valdimar Tr. Hafstein 2006.

¹⁴ Hörður Ágústsson 2000, bls. 195-202.

¹⁵ Skipulags- og byggingalög nr. 73, 28. maí 1997, 2. gr. Sbr. Skipulagslög nr. 123, 22. september 2010, 2. gr.

¹⁶ Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87, 13. júlí 2015.

Að baki þessari hugmynd liggur það sjónarmið að gildi gamalla húsa felist ekki bara í byggingarlistasögulegum einkennum og sögu þeirra sem mannvirkja, að þau séu ekki bara hlutir sem séu merkilegir í sjálfum sér, heldur séu þau hluti af umhverfinu og hafi gildi fyrir upplifun og lífsgæði fólks sem býr í því umhverfi eða sækir það heim. Það endurspeglar sömu þróun að á tímabili þótti það fyrirtaks lausn að flytja gömul og merkileg hús uppi í Árbæ og geyma þar á útisafni en í vaxandi mæli, einkum frá síðasta áratug tuttugustu aldar, hefur það þótt neyðarúrræði og borgaryfirvöld fremur stefnt að því að varðveita gömul hús í sínu upphaflega umhverfi. Skýrari meðvitund um gildi gamalla bygginga tengist aukinni tilfinningu fyrir staðaranda og sögulegri dýpt. Íslendingar eins og aðrir ferðast til framandi landa og borga og upplifa þar nið aldanna í gömlum byggingum og götumyndum. Eins og aðrir búa þeir sjálfir flestir í húsum og hverfum sem eru í mesta lagi nokkurra áratuga gömul og sem hafa lítil sem engin tengsl við umhverfið og landshættina sem voru áður en landið var brotið undir þéttbýli. Eftir því sem þéttbýlið þenst meira út verður borgarlandslagið meira alltumvefjandi í lífi borgarbúa – þeir lifa og hræst í umhverfi sem er búið til úr steypu, malbiki og hönnuðum görðum. Áhugi fólks á óspilltri náttúru og umhverfi með sögulega dýpt, þar sem hægt er að skynja fortíðina og söguna, eykst í réttu hlutfalli við stærð þéttbýlisstaðanna. Fleira kemur til, en í grundvallaratriðum snýst þetta um framboð og eftirspurn: eftir því sem framboð á óspilltri náttúru og stöðum með sögulega dýpt minnkar þeim mun meiri verður eftirspurnin eftir þeim, þeim mun háværari kröfur um að varðveita slíka staði og þeim mun meiri kröfur um að sú varðveisla sé heildstæð, að ekki sé þrengt að upplifun staðanna. Á sviði náttúruverndar var snemma farin sú leið að leggja áherslu á þjóðgarða en þá verða gjarnan fyrir valinu svæði sem eru afskekkt og hafa af þeim sökum ekki orðið fyrir barðinu á framkvæmdum og uppbyggingu á sama hátt og önnur. Allir íslensku þjóðgarðarnir eru fjarri helstu þéttbýlis- og landbúnaðarsvæðum landsins og sama á við um öll stóru friðlöndin. Með þessari nálgun er tryggt að gestir þjóðgarðanna geta notið óspilltrar náttúru sem nýtur heildstæðrar verndar – náttúran þarf ekki að keppa við mannvirki og umferðarnið um athygli fólks. Eins og með friðlýsingar fornleifa er hinsvegar líka greinileg tilhneiging til að reyna að vernda svæði sem eru nær byggð. Á höfuðborgarsvæðinu eru hlutfallslega margir staðir friðlýstir samkvæmt náttúruverndarlögum en þeir eru meira eins og örlitlar vinjar í borgarlandinu eða útjöðrum þess (Mynd 3). Þetta lýsir viðleitni til að reyna að halda í þó ekki sé nema brot af því sem áður var – umhverfinu áður en það breyttist í nútímaborg. Átök um framkvæmdir á stöðum eins og Gálghahrauni sýna vel hversu mikið fólki finnst vera í húfi.



Mynd 4. Friðlýst svæði á Íslandi 2017. Af vef Umhverfisstofnunar:

https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Sveitarfelag/Landupplýsingar/fridlyst_5_12_17_web.pdf

Verndun fornleifa, gamalla húsa og náttúrunnar eru greinar af sama meiði. Allt eru þetta viðbrögð við nútímanum, þeim miklu breytingum sem hafa orðið bæði á því umhverfi sem við lifum og hrærumst í og þeim kröfum sem fólk gerir til lífsgæða. Þróun þessara mála á Íslandi hefur í grófum dráttum orðið með sama hætti og annarsstaðar á Vesturlöndum en þó hafa verið stigin mikilvæg skref í átt að heildstæðari verndun menningarlandslags á síðustu 30 árum eða svo sem íslensk minjavernd getur dregið lærdóma af.

1. 3 Alþjóðlegir straumar í verndun menningarlandslags

Eins og á Íslandi hefur þróunin víðast hvar orðið með þeim hætti að áhugi á varðveislu menningarminja beindist í upphafi mest að gripum, síðan einstökum byggingum og minjastöðum en síðast að heilum hverfum eða svæðum þar sem áhersla er lögð á að

vernda ásýnd og yfirbragð heildarinnar fremur en einstaka staði eða einstök mannvirki. Eins og á Íslandi hefur hröð uppbygging eftir seinni heimsstyrjöld og útpensla borga valdið því að bæði náttúra og minjar hafa orðið að víkja á stórum svæðum og sístækkandi hluti mannkyns býr nú við aðstæður þar sem tengsl við náttúrulegt umhverfi og fortíðina hafa alveg verið rofin. Þó þróunin sé almennt í átt til heildstæðari hugsunar um verndun, aðgengi og upplifun þá er misjafnt milli landa hvaða leiðir hafa verið farnar til að mæta samfélagsbreytingunum og þeim breyttu hugmyndum og kröfum sem þeim fylgja. Í Bandaríkjunum hefur til dæmis mikil áhersla verið lögð á uppbyggingu þjóðgarða og er langmest af náttúru- og minjavernd í landinu á þeirra forræði. Þessi nálgun þýðir í raun að stór svæði eru tekin frá og vernduð með heildstæðum hætti en svæði utan þjóðgarða hafa miklu minni vernd eða enga. Í Evrópu stendur minjavernd á sterkari hefðargrunni, ekki síst af því að fjársterkir og valdamiklir aðilar á borð við kirkjuna, herinn og konungsfjölskyldur, bera umhyggju fyrir eða beinlínis eiga stóran hluta menningararfsins – kirkjur, kastala, hallir, virki og allt það skrúð og alla þá dýrgripa sem þeim fylgja. Af því hversu samofnir slíkir staðir eru oft hinu byggða landslagi hefur meiri áhersla verið lögð á að þróa almennar reglur um verndun menningarminja óháð því hvort þær séu innan þjóðgarða eða ekki. Þá er sá mikilvægi munur að dreifbýli í Evrópu hefur á stórum svæðum sterk söguleg einkenni sem eru greipt í sjálfsvitund þjóðanna. Víða um Evrópu er heldur engin óspillt náttúra – eða mjög langt á milli slíkra svæða – og þar sem þannig háttar til er dreifbýlið, þó það sé greinilega mótað af mönnum í aldanna rás, sú náttúra sem borgarbúar helst hafa tækifæri til að njóta. Hugmyndin um menningarlandslag er sprottin úr þessum aðstæðum og það er engin tilviljun að Evrópulönd hafa verið í fararbroddi í þróun aðferða við að skilgreina og varðveita menningarlandslag.

Eins og í náttúruvernd hefur fólk nálgast skilgreiningu menningarlandslags frá tveimur hliðum. Annarsvegar er sú afstaða að allt landslag sé menningarlandslag og megi flokka sem slíkt, t.d. eftir ástandi, upprunaleika og einkennum. Hin nálgunin er að skilgreina afmörkuð svæði sem menningarlandslag, og er það þá yfirleitt annaðhvort á grundvelli þess að landsvæðið sé einstaklega gott dæmi um gamla landshætti, eða að það hafi einhver ákveðin, yfirleitt fágæt, sérkenni sem ástæða er til að vernda. Dæmi um hið fyrrnefnda er aðferðafræði sem þróuð hefur verið í Englandi og nefnist *historical landscape characterization*. Samkvæmt henni er núverandi landnotkun kortlögð, hún flokkuð eftir einkennum sínum og lagt mat á sérstöðu landslagsins á hverjum stað. Það sem er kortlagt er niðurstaða hinnar sögulegu þróunar sem hefur skapað menningarlandslag samtímans. Í því felast mikilvægar vísbendingar um sögulega dýpt

og slík gögn nýtast einkum við gerð skipulagsáætlana og stjórnsýslu minjaverndar.¹⁷ Ýmis tilbrigði við þessa nálgun eru til og er þá yfirleitt verið að reyna að draga fram hver hin menningarsögulegu einkenni eru á hverjum stað. Verkefni af þessu tagi sem unnin hafa verið hér á landi eru talin að neðan. Hin meginnálgunin er að afmarka ákveðin svæði, yfirleitt í samhengi við einhverskonar verndun eða friðlýsingu, á grundvelli þess að þar sé að finna einstaklega vel varðveitt og/eða einstaklega sérstakt menningarlandslag. Þessi nálgun er í ætt við þjóðgarðana: lína er dregin utan um ákveðið svæði til að tryggja varðveislu þess en samskonar minjar eða landslag sem lenda utan þess njóta þá ekki sömu verndar. Dæmi um þetta eru fjölmörg heimsminjasvæði UNESCO en aðferðafræði stofnunarinnar leggur þunga áherslu á að svæðin séu skýrt afmörkuð þannig að allt sem innan þeirra er nýtur ríkulegrar verndar en það sem er fyrir utan liggur á milli hluta.

Að sjálfsögðu er ekkert sem segir að þessar nálganir geti ekki farið saman og oftast gera þær það að einhverju leyti þó iðulega halli áherslur í minjavernd fremur í aðra áttina en hina. Síðustu tvo áratugina hefur í Evrópu verið unnið undir merkjum samnings Evrópuráðsins um verndun menningarlandslags, Evrópska landslagssamninginn, frá árinu 2000. Samkvæmt samningnum er landslag órjúfanlegur hluti af umgjörð daglegs lífs sem varðveitir sameiginleg menningarleg og náttúruleg verðmæti og myndar grundvöll að sjálfsmynd fólks (5. gr., liður a). Með þessu er reynt að ramma inn þá hugsun að verðmæti liggi í heildinni og að ekki sé nóg að varðveita einstök atriði – mannvirki, búsvæði eða jarðmyndanir – heldur sé gildi þeirra skert ef samhengi þeirra við önnur atriði er rofið. Ein hlið á þessu er að ekki er nóg að koma í veg fyrir spjöll á landslaginu sjálfu heldur verður líka að hyggja að því hvort upplifun fólks sem heimsækir það sé skert með framkvæmdum eða breyttri landnotkun í kring. UNESCO hefur nálgast þetta með því að fara fram á að heimsminjasvæði séu umkringd s.k. „buffer zones“ þar sem ekki eru gerðar sömu kröfur um verndun og stjórnun eins og innan heimsminjasvæðisins sjálfs en þó tryggt að framkvæmdir skyggi ekki á eða trufla upplifun innan þess. Dæmi má taka af Istanbul þar sem miðborgin sjálf er á heimsminjaskrá en styr hefur staðið milli borgaryfirvalda og UNESCO um uppbyggingu í kringum hinn verndaða borgarhluta. Yfirvöld hafa leyft byggingu háhýsa utan heimsminjasvæðisins sem UNESCO telur vega að því sem kallað er „visual integrity“ minjastaðarins.¹⁸ Það gefur augaleið að ef háhýsum er leyft að fylla

¹⁷ <https://historicengland.org.uk/research/methods/characterisation-2/historic-landscape-characterisation/>. Skoðað 8. nóvember 2019. <https://archaeologydataservice.ac.uk/archives/view/HLC/> Skoðað 8. nóvember 2019.

¹⁸ Report on the Joint UNESCO World Heritage Centre/ICOMOS Reactive Monitoring Mission to the World Heritage Site of Historic Areas of Istanbul, from 27 to 30 April 2009.

sjóndeildarhringinn í kringum minjastað þá breytist upplifun fólks af honum. Upplifunin á slíkum stað felst ekki bara í því að einblína á marmarann í Ægisif heldur að horfa í kringum sig og geta ímyndað sér útsýnið eins og það var þegar hún var byggð og á öllum þeim öldum sem liðið hafa síðan þá. Byggingin er hluti af umhverfi sínu og ef það er skert þá er hún það líka. Slík verðmæti getur verið erfitt að skilgreina þannig að ekki megi deila um mörk og vægi og er hart tekist á um mál af þessum toga víða um heim. Í Englandi njóta sjónlínur verndar samkvæmt skipulagslögum og hefur í London t.d. lengi verið gert ráð fyrir því í aðalskipulagi að ekki megi byggja fyrir sjónlínur að ýmsum helstu minnismerkjum borgarinnar, þ.á.m. Pálskirkjunni og þinghúsinu. Það er veigamikil ástæða fyrir því að háhýsin sem þó hafa sprottið upp á síðustu áratugum eru flest í einum hnapp í austanverðri borginni.¹⁹

Á undanförnum árum hefur ný aðferðafræði verið að ryðja sér til rúms þar sem við hlið hefðbundins umhverfismats vegna framkvæmda er gert það sem mætti kalla samfélagsmat (SIA: Social Impact Assessment) þar sem áhrif framkvæmda á samfélagslega sjálfbærni eru skilgreind, m.a. út frá hugtökum eins og félagsauður og staðarandi/staðarvitund. Með þessu er hugað bæði að því að takmarka neikvæð áhrif framkvæmda og draga fram jákvæð áhrif verndunaraðgerða.²⁰ Þá beinast rannsóknir í vaxandi mæli að því að kortleggja jákvæð áhrif verndunaraðgerða á lífsgæði, lýðheilsu og jafnvel sem hluta af meðferðarúrræðum.²¹

Greinilegt er hvert straumurinn liggur í þessum málum: almenningur gerir í vaxandi mæli kröfu til þess að hafa aðgang að landslagi sem veitir hvíld frá erli borgarlífsins og landslagi sem hefur merkingu, gefur möguleika á að tengjast náttúrunni og sögunni. Það er hluti af þeim lífsgæðum sem borgir geta boðið upp á að í þeim sé aðgengi að opnum svæðum og að þær hlúi að borgarlandslagi sem vitnar um sögulega dýpt. Þessu tengjast miklir fjárhagslegir hagsmunir, einkum og sér í lagi ferðaþjónustunnar, sem gerir út á náttúru og sögu. Gríðarlegur vöxtur ferðaþjónustunnar á heimsvísu á undanförnum áratugum lýsir best þeirri miklu og hraðvaxandi eftirspurn sem er eftir þessum lífsgæðum. Sú þróun gefur líka ávísun um að landslag sem í dag þykir lítilsvert geti á morgun þótt verðmætt og ómissandi.

¹⁹ „London’s protected vistas.“ <https://mappinglondon.co.uk/2011/londons-protected-vistas/>. Skoðað 8. nóvember 2019. Sjá ennfreður: Ed Jefferson 2016, „Protecting the view. How St Paul’s Cathedral has been shaping the rest of London for centuries.“ *CityMetric* 14. nóvember 2016. <https://www.citymetric.com/fabric/protecting-view-how-st-pauls-cathedral-has-been-shaping-rest-london-centuries-2577>. Skoðað 8. nóvember 2019.

²⁰ Gallou & Fouseki 2019.

²¹ Darvill et al. eds. 2019.

Íslenskar mýrar hafa fengið uppreist æru og er sívaxandi fjármunum nú varið í að moka ofan í skurði til að vernda votlendi og draga úr kolefnislosun. Og enginn hefði trúað því fyrir 50 árum að fólk myndi vera tilbúið til að leggjast fyrir gröfukjafta til að reyna að hindra að vegur yrði lagður um Gálgahraun. Sú varð þó raunin og slíkum uppákomum á eftir að fjölga eftir því sem meira þrengir að hinu opna og upprunalega í umhverfi borgarbúa. Alveg fersk dæmi eru átök um saltfiskreiti við Sjómannaskólann í reykjavík og hugmyndir um uppbyggingu í Elliðaárdal. Áskorun skipulags-, umhverfis- og minjaverndaryfirvalda er að sjá fyrir þessa þróun og gera ráðstafanir til að vernda þau verðmæti sem í landslaginu felast.

2. Tillögur – búsetulandslag

Íslensk stjórnvöld skrifuðu undir Evrópska landslagssamninginn 29. júní 2012 og var hann fullgiltur 4. janúar 2020. Með fullgildingu undirgangast íslensk stjórnvöld að innleiða landslagsstefnu sem felur m.a. í sér að skilgreina og flokka landslag með tilliti til einkenna þess og þeirra gilda sem því tengjast. Hvað varðar menningar- og búsetulandslag sérstaklega er nauðsynlegt að stefnan taki á þeim tveimur hliðum málsins sem hér hafa ítrekað verið ræddar. Annarsvegar verður hún að hafa skýra sýn á hvernig á að meta allt landslag á grundvelli menningarsögulegs gildis þess og hins vegar verður hún að leiðbeina um hvernig á að skilgreina ákveðin svæði sem menningar- og búsetulandslag.

Á fyrra sviðinu liggja nú þegar fyrir íslenskar rannsóknir sem byggja má á við útfærslu stefnunnar. Það eru annarsvegar kennilegar- og aðferðafræðilegar rannsóknir á því hvernig megi flokka og leggja mat á menningarlandslag almennt,²² og hinsvegar aðferðafræði sem þróuð var sérstaklega í sambandi við rammaáætlun virkjunarkosta.²³ Þar eru menningarminjar skoðaðar sem einn flokkur af fimm sem metnir eru eftir ákveðnu kerfi. Verðmætamatið byggðist á fjórum þáttum: a) auðgi – fjölbreytni, b) fágæti, c) stærð, heild og d) upplýsingagildi sem talið var geta verið af þrennum toga: rannsóknargildi, sjónrænt gildi og upplifun (táknrænt gildi). Um menningar- og búsetulandslag segir þar: „Sérstaklega er horft til hugtakanna menningar- og búsetulandslag, en þau fela í sér að maðurinn hefur haft áhrif á umhverfi sitt og gefið því

²² Ásta Hermannsdóttir 2011; Gísli Pálsson 2011; Birna Lárusdóttir ofl. 2016.

²³ Stefán Gíslason ritstj. 2016, einkum bls. 45-47.

merkingu víðar en á þeim afmörkuðu blettum þar sem mannvistarleifar eru sýnilegar. Óbygggt landslag getur þannig talist hluti af minjaheildum.”²⁴

Hér verða settar fram tillögur, annarsvegar um grófa flokkun búsetulandslags sem leggja mætti til grundvallar heildstæðri landslagsgreiningu á Íslandi og hinsvegar um hvernig má afmarka tiltekið landslag sem menningarlandslag á grundvelli sérstakra einkenna eða gildis. Tekin eru dæmi af höfuðborgarsvæðinu, þar sem mest reynir á verndun menningarlandslags vegna hraðra og gagnberra breytinga á landnotkun, og gefið heildstætt yfirlit um þá staði sem helst kemur til greina að skilgreina sem afmarkað menningarlandslag.

2.1. Flokkun búsetulandslags

- Hefðbundið búsetulandslag að mestu leyti ósnortið af vélaöld. Vegir, sumarbústaðir, skógrækt og rask þekja minna en 5% af flatarmáli.²⁵
- 20. aldar búsetulandslag. Einkennist af steiptum húsum, vélgröfnum skurðum og túnasléttun, vírgirðingum, uppbyggðum vegum og dráttarvéslóðum. Sumarbústaðir, skógrækt og efnisnámur þekja minna en 5% af flatarmáli.
- 21. aldar búsetulandslag. Einkennist af steiptum húsum, vélgröfnum skurðum og túnasléttun, vírgirðingum, uppbyggðum vegum og dráttarvéslóðum en líka skjólbeltum, skógrækt, lúpínubreiðum, iðnaðar- og afþreyingarhúsnaði (t.d. hesthúsum, golfvöllum).
- Sumarhúsalandslag. Sumarbústaðir á skilgreindum lóðum með uppbyggðum aðkomuvegum.
- Borgarlandslag. Uppbyggð svæði stærri en 5 ha, þ.m.t. útivistar- og iðnaðarsvæði.
 - Borgarlandslag má greina í undirflokka eftir einkennum sínum og aldri en í grundvallaratriðum skiptist það í tvennt:
 - Borgarlandslag sem varðveitir einkenni hins undanfarandi búsetulandslags. Ólík dæmi um það eru Kvosin í Reykjavík, Þórkötlustaðahverfi í Grindavík og byggðahverfi í Reykholti í Reykholtssdal og Biskupstungum.

²⁴ Stefán Gíslason ritstj. 2016, bls. 46.

²⁵ Ítarleg greining á hefðbundnu búsetulandslagi sem einnig á að stórum hluta við um búsetulandslag 20. aldar og afréttir er hjá Birnu Lárusdóttur ofl. 2016, bls. 30-40.

- Borgarlandslag sem stendur ekki í tengslum við undanfarandi búsetulandslag.
- Nútímalandnotkun sem er hvorki búsetu- né borgarlandslag. Það geta verið verksmiðjur eins og á Grundartanga, skíðasvæði, virkjanir, byggingar tengdar ferðaþjónustu, stórar efnisnámur og önnur mannvirki sem bera umhverfi sitt þannig ofurliði að ekki er hægt að líta á þau sem hluta af búsetulandslagi eða afréttum.
- Afréttir eru allir úthagar, sumarbeitiönd og firnindi þar sem ekki hefur orðið nein uppbygging sem tengja má við hina flokkana. Mörkin milli afrétta og búsetulandslags eru sjónræn, þ.e. skilin liggja þar sem búsetulandslagið fyllir ekki lengur sjónsviðið. Fjallshlíðar ofan við dali eða firði með búsetulandslagi eru samkvæmt því hluti af því búsetulandslagi en afréttin hefst við fjallsbrún eða þar sem mannvirkin sem einkenna búsetulandslagið sjást ekki lengur.

Búsetulandslag getur ekki verið minna en hefðbundið tún. Þar sem borgarlandslag eða yngra búsetulandslag þrengir að gömlu bæjarstæði þannig að hlutar af túninu eru horfnir undir aðra landnotkun jafnvel þó að ekki hafi verið byggt á bæjarstæðinu sjálfu, þá getur það ekki flokkast sem hefðbundið búsetulandslag. Slíkur staður er einfaldlega minjastaður í borgarlandslagi eða yngra búsetulandslagi. Dæmi um slíkt á höfuðborgarsvæðinu eru t.d. Laugarnes, Nes við Seltjörn og gamli Kópavogsbærinn en á öllum þessum stöðum má tala um að borgarlandslagið varðveiti a.m.k. sum einkenni hins undanfarandi búsetulandslags.

2.1.1. Tillaga að aðferðafræði

Við flokkun búsetulandslags getur verið vandasamt að draga mörkin milli flokkanna og ákvarða hvort að ólík landnotkun breyti flokkuninni á hverjum stað. Breytir eitt skjólbelti milli túna til dæmis 20. aldar búsetulandslagi í 21. aldar búsetulandslag, eða eitt hæsnabú 20. aldar búsetulandslagi í nútímalandnotkun? Til að nýtast sem greiningar- og stjórnæki þarf landslagsflokkunin að draga fram megineinkenni viðkomandi landslags en hún þarf líka að vera nákvæm og ítarleg. Jafnvægi þarf að vera á milli þess að hafa heildarsýn og skrá alla landnotkun sem hefur áhrif á upplifun landslagsins, nýtingu þess og verndun. Flatarmál eitt og sér er ekki það eina sem þarf að taka með í reikninginn því mannvirki geta haft mikil áhrif á ásýnd landslags þó lítið fari fyrir þeim á korti. Dæmi um þetta eru vindmyllur sem hafa mikil sjónræn áhrif en líka til dæmis uppbyggðir vegir. Hringvegurinn í nágrenni Reykjavíkur og

Reykjanesbraut eru dæmi um vegi sem bæði taka mikið pláss og eru meiriháttar farartálmar fyrir aðra umferð en þá sem liggur eftir þeim. Öll landnotkun í nálægð slíkra mannvirkja tekur mið af þeim og mun þróast út frá þeim, og því skiptir máli að þau komi skýrt fram í landslagsflokkuninni.

Með þessi atriði í huga er lagt til að á láglendi (a.m.k. undir 300 m.y.s.) verði landslag greint í 10 ha reitum. Hver reitur verður skilgreindur eftir þeirri landnotkun sem einkennir meirihluta flatarmáls hans. Landslag er hins vegar að lágmarki 1 km² sjónræn heild og byggir flokkun þess annarsvegar á greiningu reitanna og hins vegar á mati á áhrifum mannvirkja á upplifun landslagsins. Slíkt mat þarf að styðjast við útsýnisgreiningu (e. 'viewshed analysis') en líka huglægt mat á sjónrænum áhrifum mannvirkja.

Þá nálgun sem lögð er til hér þarf að þróa með því að útfæra hana við raunverulegar aðstæður. Grunnhugmyndin er að byggja flokkunina á ítarlegri greiningu í hárri upplausn – dæmi um slíka greiningu á íslensku menningarlandslagi eru meistararannsókn Gísla Pálssonar²⁶ og greining á einstökum þáttum búsetulandslags í sambandi við Rammaáætlun²⁷ - en leggja áherslu á að skilgreina sjónrænar heildir sem eru í sama mælikvarða og fólk upplifir landslagið. Landslag er það sem maður sér þegar hann horfir í kringum sig og það er mikilvægt að landslagsflokkunin sé sett fram á þeim mælikvarða til að hún nýtist við stefnumótun um nýtingu og verndum landslagsins.

2.2. Mat á gildi búsetulandslags

Öllu landi á Íslandi má skipta í hina sjö flokka búsetulandslags sem skilgreindir eru að ofan. Slík flokkun nýtist við að draga fram hvar tækifæri og áskoranir leynast í verndun landslagsheilda. Flokkun sem þessa er hægt að gera án þess að lagt sé mat á gildi eða verðmæti en slíkt mat verður einnig að eiga sér stað þegar ákvarðanir eru teknar um breytingar á landnotkun og um varðveislu.

Hefðbundið og 20. aldar búsetulandslag (auk aðliggjandi afrétta) er það landslag sem helst kemur til kasta minjaverndaryfirvalda. Slíkt landslag getur einkum haft gildi á þremur mælikvörðum:

²⁶ Gísli Pálsson 2011.

²⁷ Birna Lárusdóttir ofl. 2016, bls. 30-40.

- Búsetulandslagið hefur menningarsöguleg einkenni sem gera það einstakt. Það getur verið vegna sérstæðra minja (t.d. garðalagakerfin á Norðusturlandi), aldurs þess (t.d. Þjórsárdalur sem búsetulandslag frá 13. öld eða fyrr), byggðamunsturs (t.d. óvenjulega þétt (t.d. Þykkvibær) eða gisið (t.d. Möðrudalur), eða þar sem kornrækt eða sjávarútvegur hafa sett mark sitt á byggðina, eða þar sem byggðin er í eyjum eins og á Breiðafirði, vegna sérstakra atvinnuhátta (t.d. sameignleg nýting flæðiengja, stríðsminjar) eða tengsla við sögu og bókmenntir (t.d. sögusvið fornsagna, sveitir markaðar af eldsumbrotum).
- Búsetulandslag sem er einstaklega vel varðveitt. Þetta á t.d. við stór samfelld svæði sem lögðust í eyði fyrir vélaöld og eru fjarri uppbyggingarsvæðum
- Búsetulandslag sem er einstaklega vel aðgengilegt. Búsetulandslag getur haft gildi fyrst og fremst fyrir sitt nærsamfélag, sem vitnisburður um sögulega dýpt byggðarinnar sem íbúar þekkja og geta tengst/notið. Eftir því sem borgarlandslagið verður meira og meira ráðandi í umgjörð hins daglega lífs, þeim mun meiri verðmæti liggja í því forna búsetulandslagi sem þéttbýlisbúar hafa auðveldan aðgang að.

3. Tillögur – menningarlandslag

3.1. Afmarkað menningarlandslag

Til viðbótar við búsetulandslag, sem eðli málsins samkvæmt hefur meira gildi eftir því sem það er víðfeðmara og heildstæðara, er nauðsynlegt að skilgreina samband landslagshugtaksins við sögustaði. Eins og vikið var að ofan eru flestar friðlýsingar fornleifa á Íslandi tengdar ákveðnum mannvirkjum sem auðvelt er að afmarka og skilgreina helgunarsvæði í kringum. Á sögustað eins og Þingvöllum er augljóst að slík afmörkun nær ekki utan um það sem máli skiptir við þann stað. Þess vegna var farin sú leið strax árið 1928 að friðlýsa allt svæðið, raunar mun stærra svæði en sjálft þingið, enda áttaði fólk sig þá þegar á því að sjónlínur og yfirbragð hefðu ekki síður gildi heldur en varðveisla einstakra þingbúðatóta. Það eru ekki tóftirnar einar og sér sem skipta máli eða einstakir staðir innan þingsins eins og Drekingarhylur og Lögberg (hvar sem það er) eða Vellirnir, heldur er það samhengi alls þessa hvert við annað og náttúruna í kring sem gerir Þingvelli að þeim töfrastað sem hann er. Á það má minna að þó að einstök náttúrufegurð, merkilegar jarðmyndanir og mannvirkjaleifar séu lykilþættir í gildi Þingvalla þá er það þekkingin og hugmyndirnar um hvað þar fór fram sem liggja til grundvallar helgi staðarins. Það sama á við um alla aðra sögustaði.

Á sumum eru mannvirki (t.d. Bessastaðir, Snorralaug) eða mannvirkjaleifar (Borgarvirki, Skriðuklaustur) sem draga að sér athyglina og gefa staðnum auðsætt gildi en á slíkum stöðum er líka augljóst að gildi staðarins liggur ekki í mannvirkjunum einum og sér. Í Skálholti eru friðlýstar samtals níu stakar mannvirkjaleifar en raunar hvorki dómkirkjugrunnurinn né staðarhúsin. Eftir uppgröft á þeim síðarnefndu eru það þau sem gestir geta helst séð til að tengja við fortíð staðarins en sú upplifun er studd og henni gefið aukið vægi af því að umhverfi Skálholts hefur ekki tekið meiri stakkaskiptum en raun ber vitni. Það er sú heild sem þarf að vernda og hlú að til að Skálholti haldi gildi sínu sem sögustaður. Skálholt er því menningar- og búsetulandslag – augljóslega einstakt búsetulandslag og ekki síður verðmætt menningarlandslag vegna vægis staðarins í þjóðarsögunni. Þegar draga á mörk utan um þetta landslag þarf að huga að ásýnd og sjónlínunum. Skálholtskirkja merkir staðinn og sést víða að í nágrenninu – eins og hinir risavöxnu forverar hennar hafa gert. Þær sjónlínur þarf að varðveita sem og það útsýni sem fæst af kirkjutröppunum og staðarhlaðinu. Sögustaðir eru margir af þessu tagi – höfuðból og kirkjustaðir sem eiga sess í menningar- og stjórnmálasögu þjóðarinnar. Á mörgum þeirra sjást fáar eða engar gamlar minjar á yfirborði en gestir geta samt tengt við hina sögulegu dýpt staðanna sem er ekki síður samsett úr afstöðu þeirra í landslaginu, aðkomu og fjallasýn. Það sem þarf að vernda á stöðum eins og Hvammi í Dölum og Odda á Rangárvöllum er bæði gömlu kirkjurnar, fornleifarnar undir sverði OG landslagsumgerðin því það er ekki síður hún sem gerir gestum kleift að tengja við þá þekkingu sem til er um þessa staði og ef umgerðin og yfirbragðið er skert þá skerðist líka upplifunin af staðnum. Menningarlandslagið þarf að vernda á slíkum stöðum.

Íslenskir sögustaðir sem ekki eru bólstaðir eða nátengdir þeim eru fáir og fyrir utan staði sem tengjast einstökum atburðum (t.d. orrustum) eða atvikum fornrita þá eru í raun bara tveir stórir flokkar slíkra staða sem telja má til menningarlandslags: þingstaðir og kauphafnir/verslunarstaðir. Þessir flokkar eiga það sammerkt að spanna nær alla Íslandssöguna og að á hverjum tíma voru tiltölulega fáir staðir af hvoru tagi. Oft eru sýnilegar búðaleifar á þessum stöðum en iðulega ekki, sem getur stafað af því að þær hafa aldrei verið, eða af því að þær hafa horfið vegna landbrots eða framkvæmda. Á Gásam við Eyjafjörð er afar vel varðveitt og heildstætt búðasvæði og nær friðlýsingin aðeins til þess. Þar höfðu kaupmenn búðir sínar frá 12. öld og fram til loka þeirrar 14. en fyrir þann tíma er líklegt að skip hafi lent í Hörgárósum (eins og nafnið á nágrennabæ Gása, Skipalóni, bendir til). Svo vel vill til að lítið rask hefur verið í nágrenni Gása og gestir sem þangað koma geta auðveldlega skynjað hvernig umhorfs var þar á miðöldum. Það er stór hluti af upplifun staðarins sem ætti réttilega að

skilgreina sem menningarlandslag sem tæki yfir sjónsviðið frá odda Gáseyrarinnar. Innan þess er bæði umgerð kaupmannabúðanna en líka stór hluti þess svæðis þar sem skip hefðu getað verið dregin á land áður en búðabyrpingin reis.

Eitt megineinkenni héraðsþingstaða þjóðveldisaldar er að þeir eru í flestum tilvikum fjarri bólstöðum. Það hefur stuðlað að varðveislu þeirra en það segir okkur líka að umgerðin er hluti af inntaki þingstaðanna – þessir staðir voru valdir af því að þeir voru afviknir. Það er hluti af yfirbragði þeirra og hluti af því sem gefur þeim gildi.

3.2. *Afmörkun menningarlandslags*

Þegar fornleifar eru friðlýstar sem menningarlandslag þá þýðir það að dregin eru mörk utan um svæði sem myndar menningarsögulega og sjónræna heild. Menningarlandslag er eðli málsins samkvæmt heild, samsett úr mismunandi atriðum sem saman gefa landslaginu gildi. Markmið slíkrar friðlýsingar er víðara en friðlýsing einstakra minjastaða að því leyti að hún miðar að varðveislu samhengis, yfirbragðs og ásýndar auk hefðbundinna áherslna á að varðveita tiltekna mannvirkjaleifar eða einstaka staði. Mörk menningarlandslags liggja þar sem það skerðist ekki þó landnotkun sé breytt. Utan þeirra marka hafa breytingar á landnotkun ekki áhrif á gildi landslagsins en innan þeirra geta þær gert það. Markmið friðlýsingar menningarlandslags er ekki að koma í veg fyrir allar breytingar á landnotkun heldur að tryggja að breytingar á landnotkun rýri ekki menningarsögulegt gildi landslagsins. Mikilvægt er í þessu samhengi að skilgreina nákvæmlega hvað það er sem gefur landslagi menningarsögulegt gildi sitt. Það hefur áhrif bæði á afmörkun landslagsins í hverju tilfelli og mat á því hverskonar breytingar á landnotkun samrýmast varðveislu menningarlandslagsins.

Afmörkun menningarlandslags verður að taka mið af þremur atriðum:

1) Þeirri starfsemi, þeim athöfnum, þeim atburðum sem landslaginu tengjast og gefa því gildi. Þar með talið eru þær mannvirkjaleifar og örnefni sem vitna um hið menningarsögulega gildi, en líka sambandið á milli þeirra og vísbendingar um hvernig staðurinn var notaður. Þannig eru t.d. leiðir hluti af menningarlandslagi samkomustaða á borð við kauphafnir og þingstaði. Nýting slíkra staða einskorðaðist heldur ekki við mannvirkin sem á þeim voru reist heldur fólst hún í ýmskonar starfsemi sem ekki skildu eftir sig bein ummerki – tjöldum var slegið upp, hestum haldið á beit, eldsneytis aflað o.s.fr.v.

2) Útsýnið frá menningarlandslaginu. Gestur sem heimsækir landslagið og setur sig í spor fólksins sem stóð fyrir þeirri starfsemi, athöfnum eða atburðum sem getur um í lið 1) á að geta horft í kringum sig og ímyndað sér hvernig umhorfs var.


3) Ásýnd menningarlandslagsins frá sjónarhóli fólks sem horfir á það utanfrá, m.a. með tilliti til samgangna. Hvaðan sést landslagið og hversu vel greinanlegt er það fólki sem fer um það/hjá því?

Gera má greinarmun á 1) annarsvegar og 2)-3) hins vegar að því leyti að hið fyrra nær yfir það landslag sem hefur tiltekin menningarsöguleg einkenni en hin síðarnefndu mætti kalla sjónræn helgunarsvæði – það eru þau svæði í næsta nágrenni við menningarlandslagið þar sem framkvæmdir geta haft áhrif á upplifun þess og gildi, t.d. með því að rjúfa sjónlínur. Mörk 2) og 3) falla oft saman en 3) er stundum víðari, einkum þegar mannvirki sem eru einkennandi fyrir menningarlandslagið sjást víða að. Það þarf ekki að trufla upplifun þess sem kemur heim að Bessastöðum af menningarlandslaginu þar þó byggingar séu reistar á suðurströnd Seltjarnarness en þar geta þær skert útsýni heim að Bessastöðum.

Hér að neðan verður fjallað um þá sögustaði sem helst kemur til greina að skilgreina sem menningarlandslag á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða ferns konar menningarlandslag sem ekki er hluti af venjulegu búsetulandslagi og hefur gildi fyrir þjóðarsöguna. Það eru:

- Þingstaðir
- Kauphafnir
- Miðstöðvar á landsvísu
- Sögusvið Íslendingasagna

Fjallað er í stuttu máli um hvað það er sem gefur hverju menningarlandslagi gildi sitt, hvaða minjar eða vísbendingar vitna um það, hvert núverandi ástand þess er og hvernig skilgreina megi mörk þess.



Mynd 5. Gróf afmörkun menningarlandslags á höfuðborgarsvæðinu.

3.2.1. Þingstaðir

Í vorþingakerfi þjóðveldisaldar náði vestasta þingháin í Sunnlendingafjórðungi um Reykjanesskaga og upp í Borgarfjörð sunnan Hvítár. Kjalarnesþing hét þingstaðurinn og koma tvær staðsetningar til greina, í Kollafirði og á Þingnesi við Elliðavatn. Eftir að vorþing lögðust af á 13. öld voru manntalsþing haldin á hreppaþingstöðum – Esjubergi í Kjalarneshreppi, Varmá í Mosfellssveit og Kópavogi fyrir Seltjarnarneshrepp og Álftaneshrepp. Einnig er getið um þinghald í Reykjavík í Seltjarnarneshreppi og á Ófriðarstöðum í Álftaneshreppi. Auk vorþingstaðanna er það einkum Kópavogsþingstaður sem hefur gildi fyrir þjóðarsöguna.

3.2.1.1. Kjalarnesþing við Kollafirð

Kjalarnesþing er að sögn Íslendingabókar elsti þingstaður á Íslandi, helgað af Þorsteini Ingólfssyni í Reykjavík, áður en alþingi var stofnað á Þingvöllum 930: „Alþingi vas sett at ráði Ulfljóts ok allra landsmanna þar es nú es, en áðr vas þing á Kjalarnesi, þat es

Þorsteinn Ingólfssonr landnámamanns, faðir Þorkels mána logsogumanns, hafði þar ok hofðingjar þeir es at því hurfu.²⁸ Ekki eru þekktar búðaleifar í sambandi við þennan þingstað en örnefnin Þingeyri, Leiðvöllur, Leiðtjörn og Leiðhamrar benda á hvar hann hefur verið, við norðurströnd Kollafjarðar þar sem landeignir Esjubergs og Mógilsár koma saman.²⁹ Staðurinn kemur heim við lýsingu Kjalnesinga sögu sem segir að þingið sé „suður við sjóinn; enn sér stað búðanna.“³⁰ Aðrar miðaldaheimildir sem geta um Kjalarnesþing tilgreina ekki hvar það var nákvæmlega en í upphafi 18. aldar hélt Árni Magnússon uppi spurnum um staðsetninguna og bendir á þennan stað í Kollafirði í staðfræðiriti sínu *Chorographica islandica*.³¹ Eggert og Bjarni töldu hins vegar að þingstaðurinn hafi verið á Hofi á Kjalarnesi.³² Jónas Hallgrímsson og Kristian Kaalund lýstu þessum stað, og sá síðarnefndi segir að þar sé lítil og óglögg merki búðatófta að sjá.³³ Ónefndur heimildamaður benti skoskum ferðmanni á þingstaðinn 1872 og þar sá hann tvær búðir á flötinni undir hömrnunum.³⁴ Á 19. öld færðist athygli fræðimanna sem leituðu að Kjalarnesþingi hins vegar að Þingnesi við Elliðavatn enda eru þar miklar og greinilegar búðarústir og hefur sviðsljósið haldist á þeim stað þrátt fyrir að nafnið Kjalarnesþing geti illa átt við hann. Allir aðrir þingstaðir heita eftir staðnum sem þeir eru á, ekki þingháinni, og því líklegast að Kjalarnesþing sem Þorsteinn Ingólfsson háði hafi verið á hinu eiginlega Kjalarnesi. Þessi þingstaður er einn af nokkrum þar sem ekki hafa varðveist greinilegar búðarústir (önnur dæmi eru Skaftafellsþing, Þverárþing og Þingeyraþing) en umgjörð þingstaðarins má enn þá greina og skilja. Eins og algengt er með héraðsþing miðalda er þessi staður í þjóðbraut en samt afvikinn. Þingið hefur verið nálægt en ekki í beinum tengslum við helstu miðstöðvar byggðarinnar og þinghaldið hefur ekki verið í auglýsningu nema frá bæjunum fyrir botni Kollafjarðar.

²⁸ *Íslenzk fornrit* I, bls. 8. Sama er getið í Landnámabók, bæði í Sturlubók og Hauksbók – *Íslenzk fornrit* I, bls. 46, 47 – og í Kjalnesinga sögu – *Íslenzk fornrit* XIV, bls. 8, 10 og þingsins er auk þess getið í Grettis sögu, *Íslenzk fornrit* VII, bls. 24. Í viðauka Þórðarbókar Landnámu, sem talinn er úr Styrmissbók, er því bætt við að Þorsteinn hafi sett þingið „við ráð Helga bjólu og Örlygs á Esjubergi ok annarra viturra manna.“ *Íslenzk fornrit* I, bls. 46, nmgr. 3.

²⁹ „Vestar er Leiðvöllur, sem talinn er vera hinn gamli þingstaður Kjalarnesþings. Nú er þar aðeins malareyri, sem fellur yfir í flóðum. Ofar var Leiðtjörn, en sandnámið hefur nú eyðilagt hana nema austast. Í hana rann Markagil.“ Ö-Mógilsá (1967).

³⁰ *Íslenzk fornrit* XIV, bls. 8.

³¹ Árni Magnússon 1955, bls. 61. Árni getur um Sandeyri en á korti sem fylgir stendur skýrt Þingeyri og er hún sýnd á norðurströnd Kollafjarðar miðja veginni milli Helguskers og botns fjarðarinnar. Annað nafn á þessari eyri er líklega Leiðvallargrandi, sem kemur fyrir í jarðabókinni frá 1704, *Jarðabók* III, 346.

³² Eggert Ólafsson & Bjarni Pálsson 1772, bls. 75.

³³ Kaalund 1984, III. bindi, bls. 41-42.

³⁴ Smith 1872, bls. 163.

Héraðsþingstaðurinn er hluti af stærra og flóknara menningarlandslagi sem tengist bæði hlutverki Esjubeys sem hreppsþingsstaðar Kjalarneshrepps á fyrri öldum, sögustaðar í Kjalnesinga sögu og sérílagi þess staðar þar sem ein fyrsta kirkja landsins á að hafa verið byggð. Samkvæmt Landnámabók var Örlygur Hrappsson landnámsmaður á Esjubergi kristinn og hafði með sér kirkjuvið og kirkjugripi og byggði kirkju á bæ sínum helgaða írska dýrlingnum Kolumba eða Kolumkilla.³⁵ Samkvæmt Kjalnesinga sögu stóð kirkja enn á Esjubergi í tíð Árna Þorlákssonar Skálholtsbiskups (1268-98),³⁶ og kirkju þar er einnig getið í Kirknatali Páls biskups frá um 1200.³⁷ Í byrjun 18. aldar var bent á „tóftarbrot mikið“ „í túninu fyrir austan bæinn á Esjubergi, Austrá Esjuberg“ sem „St. Colombi kirkjustæði.“³⁸ 1704 er getið um Litla Esjuberg „heima við bæinn“ en í jarðabók frá 1804 er hjáleiga frá Esjubergi nefnd Austurbær og getur Jón Johnsen þess til í jarðatali sínu frá 1847 að það sé sama og afbýlið Grund.³⁹ Ef það er allt sami staðurinn þá hefur tóftarbrotið mikla verið meir en 500 m austan við bæinn á Esjubergi, ekki fjarri þeim stað þar sem nú hefur verið reist útíaltari til minningar um kirkjuna. En á 19. öld var bent á annan stað, mun nær bænum, og er þar allmikil girðing sem var friðlýst 1930 sem „kirkjugrunnur forn“.⁴⁰ Uppgröftur á þeim stað 1981 sýndi að þar er ekki kirkja eða kirkjugarður og að mannvirkið er líklega frá 16. eða 17. öld.⁴¹ Miklar skriður hafa fallið á tún á Esjubergi og Grundará brotið mikið land austan við bæinn. Hafi kirkjan staðið á þessum slóðum er því margt sem getur hafa grandað henni. Greinilegt er að á ritunartíma Landnámabókar hafa gengið sagnir um gripi í kirkjunni á Esjubergi, og geta bæði Sturlubók, Hauksbók og Kjalnesinga saga um forna klukku og plenaríum, messubók, sem Örlygur á að hafa komið með til landsins í öndverðu. Í Hauksbók er því bætt við að klukkan hafi fallið útbyrðis af skipi Örlygs þegar þeir sigldu inn á Faxaflóa en að hún hafi svo legið í þarabruki þegar þeir tóku land á Sandvík á Kjalarnesi.⁴² Þetta örnefni þekkist nú ekki en yngri munnmæli hafa tengt það við botn Kollafjarðar og má vera að það standi í sambandi við Sandeyri sem Árni Magnússon getur um sem annað nafn á Þingeyri. Kaalund getur þess að ofan við Þingeyrina heiti Kirkjueyri og að þar sé sagt að „viður fyrstu kirkju Esjubeys hafi verið borinn upp.“⁴³ Sigurður Vigfússon kallar

³⁵ Íslenzk fornrit I, bls. 52-55.

³⁶ Íslenzk fornrit XIV, bls. 5, 43.

³⁷ Íslenzkt fornbréfasafn XII, bls. 9.

³⁸ Árni Magnússon 1955, bls. 61.

³⁹ Johnsen 1847, bls. 97.

⁴⁰ Fornleifaskrá, 16-17.

⁴¹ Guðmundur Ólafsson á.d.

⁴² Íslenzk fornrit I, bls. 55.

⁴³ Kaalund 1984, I. bindi, bls. 42, nmgr. 2.

sama stað Kirkjuflöt: „á henni sjást litlar leifar af lítilli tótt og þó mjög óglögt.“⁴⁴ Enginn hefur stungið upp á því að þarna gætið kirkja Örlygs hafa staðið en í sjálfu sér er ekki óhugsandi að lítil kirkja eða bænhús hafi verið í sambandi við þingstaðinn (eins og er t.d. í Hegranesi) og greinilegt er að munnmælatengsl hafa verið á milli þessa staðar og Esjubergs, að Örlygur og áhöfn hans eigi að hafa komið að landi við Sandeyri/Pingeyri/Kirkjueyri, fundið þar klukkuna í fjörunni og skipað þar upp kirkjuviðnum.

Esjuberg var þingstaður Kjalarneshrepps og er dómpings þar fyrst getið 1480.⁴⁵ Árið 1704 voru tveir þjófar dæmdir á þessu þingi og hengdir í Sjávarkvíum sem er klettaskora á ströndinni í landi Móa, nú kölluð Sjálfskvíar.⁴⁶ Í grein frá 1865 getur Konrad Maurer um Gálga í grennd við héraðsþingstaðinn í Kollafirði⁴⁷ og er líklegt að það tengist sama stað. Þá var „Grjótdys, sem kölluð hefur verið Dyngja, við gamla reiðveginn, á mel 2 km austur frá bænum.“ þ.e. á Esjubergi. Dysin var friðlýst árið 1964 en var eyðilögð af grjótnáminu um 1980. Óljósar heimildir eru fyrir því að mannabein hafi verið í dysinni⁴⁸ en staðsetning hennar er af sama toga og dysjarnar í Kópavogi (sjá að neðan). Hún var við gamla þjóðveginn beint ofan við þingstaðinn. Munnmælasaga er um að tveir smalar sem stolið höfðu úr kirkjunni á Esjubergi hafi verið dysjaðir þarna eftir að hafa verið hengdir í Sjávarkvíum.⁴⁹ Annar þjófanna sem hengdur var 1704 hafði einmitt stolið úr kirkjum⁵⁰ og gæti það verið rót þeirrar sögu.

Esjuberg er miðpunktur þeirra atburða sem eru viðfangsefni Kjalnesinga sögu. Samkvæmt sögunni, sem talin er hafa verið rituð á 14. öld og byggir á náinni þekkingu á staðhátum um Kjalarnes og Mosfellssveit, bjó Esja á Esjubergi á eftir Örlygi og hjá henni ólst Búi Andriðsson, hetja sögunnar, upp. Í sögunni er fjallið austan við Grundará kallað Laugargnípa og undir því laug, „þar voru vellir fagrir“ og þar glímdu þeir Búi og Jökull sonur hans.⁵¹ Kaalund getur um laugina⁵² en hún er nú horfin, að talið er í framræsluskurð án þess að nákvæm staðsetning sé þekkt.⁵³ Laugarlækur rann

⁴⁴ Sigurður Vigfússon 1881, bls. 65.

⁴⁵ Íslenskt fornbréfasafn VI, bls. 289 sbr. X, bls. 671-72; XIV, bls. 381.

⁴⁶ Páll Sigurðsson 2000, 33-35.

⁴⁷ Maurer 1865, bls. 492.

⁴⁸ Guðmundur Ólafsson á.d., bls. 6-7.

⁴⁹ Páll Sigurðsson 2000, 33-35.


⁵⁰ Jón Espólín 1829, 8. deild, 7. hluti, bls. 84.

⁵¹ Íslensk fornrit XIV, bls. 14, 42.

⁵² Kaalund 1984, I. bindi, bls. 38.

⁵³ Guðmundur Ólafsson á.d., bls. 6.

suður frá túninu á Grund⁵⁴ og mögulega frá þessari laug. Laugar voru oft samkomustaðir á miðöldum og bætir laugin í þær vísbendingar sem eru um miðstöðvarhlutverk svæðisins austan við Esjuberg. Gamla þjóðleiðin lá í fjallsrótum austur frá Esjubergi og ofan við þingstaðinn í fjörumáli við Kollafjörð. Þar lá leið Búa á tíðum ferðum hans milli Esjubergs og bæjarins Kollafirði. Sums staðar má enn gera sér grein fyrir þessari leið.



Mynd 6. Loftmynd frá 1946 (t.v.) borin saman við loftmynd frá 2012 sýnir vel hversu mikið rask hefur orðið á hinum forna þingstað. Úr Anna Lísu Guðmundsdóttir & Margrét Björk Magnúsdóttir 2018a, bls. 26.

Núverandi ástand. Vegna þess að ekki hefur verið hægt að benda á ákveðnar mannvirkjaleifar hefur þessi staður ekki fengið þann sess sem hann á skilið sem upphafsstaður þinghalds á Íslandi. Þingstaðurinn er ekki friðlýstur og ekkert eftirlit var með þeim framkvæmdum á seinni hluta 20. aldar sem hafa gerbreytt ásjúnd svæðisins. Stórt malarnám er ofan við þar sem Þingeyrin/Leiðvöllurinn var en eyrin hefur horfið og er önnur, manngerð, komin heldur vestar. Þjóðvegur 1 var færður niður í flæðarmálið um 1970 og liggur yfir Leiðvöllinn og neðan við Leiðhamra. Vegagerðin og malarnámið hafa gerbreytt ásjúnd þessa sögustaðar og gera fæstir vegfarendur sér nokkra grein fyrir honum þegar þeir keyra yfir hann. Fólk kannast við þennan stað vegna risastórrar áletrunar á steypuvegg sem um árabil hefur blasað við þeim sem keyra fram hjá: „Flatus lifir“. Áletrunin hefur verið endurnýjuð nokkrum sinnum og hefur unnið sér sess í menningarsögu þjóðarinnar, með sína eigin facebook síðu⁵⁵ og margvíslegar tilgátur um uppruna, aldur og merkingu.⁵⁶

⁵⁴ Anna Lísu Guðmundsdóttir & Margrét Björk Magnúsdóttir 2018a, mynd 42, bls. 30.

⁵⁵ <https://www.facebook.com/Flatus-Lifir-25849561855/>


⁵⁶ Sjá t.d. frétt RÚV frá 2017: <https://www.ruv.is/frett/flatus-lifir-enn>. Einnig umræður á bland.is frá 2006: <https://bland.is/umraeda/hvad-thydir-flatus-lifir-/3297202/>



Mynd 7. Möguleg afmörkun menningarlandslags Kjalarnesþings við Kollafjörð. Dekkri skyggingin nær yfir það svæði þar sem örnefni og frásagnir af mannvirkjaleifum benda til þinghalds en veikari skyggingin gefur ábendingu um hvernig mætti skilgreina sjónræn helgunarsvæði menningarlandslagsins.

Afmörkun menningarlandslags. Menningarlandslag Kjalarnesþingstaðar afmarkast af brekku/klettabrún norðvestan við Kollafjörð, mörkin sem vegfarendur um þjóðveg 1 þekkja þegar þeir koma að norðan og sjá fyrst ofan í fjörðinn. Klettabeltið sem þar er ofan við veginn er Leiðhamrar og fylgja mörkin efri brún þeirra þar til henni sleppir og þaðan í sveig til norðausturs upp fyrir gömlu þjóðleiðina og síðan ofan með henni um neðanverða fjallshlíðina, og að þeim stað, neðan við Fálkaklett, þar sem þrengst er milli fjallshlíðar og fjarðar. Innan þessa svæðis hefur þingið verið haldið – örnefni, munnmæli og athuganir 19. aldar manna benda helst til flatlendisræmu ofan við malareyri austast á þessu svæði, en menningarlandslagið nær til þess svæði sem hefur sést frá þingstaðnum en sést ekki frá nærliggjandi bæjum á Kjalarnesi. Það nær yfir Dyngju, horfnu dysina við gömlu þjóðleiðina ofan við þingstaðinn, sem og þjóðleiðina á þessum kafla – sem þingmenn hafa farið eftir. Til álita kæmi einnig að telja Sjavarkvíar til þessa menningarlandslags og að sönnu skarast það við menningarlandslag Esjubergs

sem sögu- og hreppaþingstaðar. Útsýni frá þingstaðnum hefur sömu mörk að vestanverðu en þaðan sést einnig inn eftir firðinum og yfir á suðurströnd hans þar sem allháir klettur ganga í sjó fram. Þingstaðurinn blasir við vegfarendum sem koma yfir hálsinn milli Leirvogs og Kollafjarðar á leið frá Reykjavík. Ef Sundabraut verður byggð er áætlað að hún þveri Kollafjörð og komi í land að norðanverðu á milli Leiðhamra og Sjavarkvía. Hún myndi sneiða í sundur það samhengi og hafa mikil sjónræn áhrif á upplifun menningarlandslagsins.



Mynd 8. Uppdráttur af Þingnesi við Elliðavatn sem birtist með grein Angus Smith um Kjalarnesþing 1872.

3.2.1.2. *Þingnes*

Öfugt við Kjalarnesþing við Kollafjörð er rústasvæðið á Þingnesi við Elliðavatn einn best þekkti minjastaður á Íslandi. Þar gerði Jónas Hallgrímsson fyrstu fornleifarannsókn í vísindaskyni sem sögur fara af á Íslandi, fjölmargar lýsingar eru til af staðnum sem hefur verið friðlýstur frá 1930 og þar fór fram fornleifauppgröftur á níunda áratug 20. aldar og aftur í byrjun þeirrar 21.⁵⁷ Á þessum stað er á þriðja tug tófta og eru minjarnar bæði skýrar og vel afmarkaðar. Mannvistarleifar á svæðinu eru tímasettar til bilsins milli 871 og 1226 og þar hafa fundist ummerki um varanlega búsetu auk minja sem gætu tengst þinghaldi.

Þingnes er einnig talið hafa verið nefnt Krossnes en ein af yngri gerðum Landnámabókar hefur Krossnes í stað Kjalarness þar sem sagt er frá þingstofnun Þorsteins Ingólfssonar.⁵⁸ Engar aðrar sögulegar heimildir tengja þennan stað við Kjalarnesþing – eða geta hans að nokkru. Þingnes komst fyrst á kortið með rannsóknum fornfræðinga á 19. öld sem töldu staðinn ýmist eldri eða yngri þingstað en Kjalarnesþing í Kollafirði. Margt mælir með þeirri túlkun á Þingnesi hafi verið þingstaður, bæði rústirnar sem ekki líkjast venjulegu bæjarstæði, sem og staðsetningin, við efri mörk byggðarinnar á stað sem er afvikinn frá næstum bæjum en samt miðlægur gagnvart samgöngum, sérílagi ef reiknað er með þingið hafi verið sótt úr Ölfusi jafnt sem úr Kjós og af Suðurnesjum.

Núverandi ástand: Frá því að staðnum var fyrst lýst á 19. öld hefur sú breyting orðið að vatnsborð Elliðavatns hefur hækkað vegna stíflu og eru nokkrar tóftanna nú í vatnsborðinu án þess þó að séð verði að mikið hafi brotnað af þeim. Sumarbústaður með trjálundi í kring (Elliðavatnsblettur 36) var byggður um 1950 innan þess sem nú myndi teljast helgunarsvæði minjastaðarins. Trjágróður breiðir nú úr sér um minjasvæðið. Að öðru leyti hefur ekki orðið rask á þessum stað.

Sem menningarlandslagi er þessum sögustað einkum ógnað af skógrækt að sunnan og austanverðu og útpenslu byggðar að norðan og austanverðu. Allþétt sumarhúsabyggð er við suðausturenda Elliðavatns, í landi Vatnsenda, en íbúðabyggð er einnig komin þétt að vatninu.

Afmörkun menningarlandslags. Það sem einkennir Þingnes sem þingstað er staðsetning hans á mörkum byggðar og afréttar. Þó skammt sé til næstu bæja á Elliðavatni og Vatnsenda er Þingnes í heiðarbrún og gestir sem þangað koma fá sterkt á tilfinninguna

⁵⁷ Guðmundur Ólafsson 2004.

⁵⁸ *Íslensk fornrit* I, bls. 46 nmgr. 3. Sbr. Kaalund 1984, I. bindi, 14.

að þeir séu nær heiðavegum en sveitagötum. Verndun menningarlandslags Þingness snýst um að varðveita þessi tengsl. Menningarlandslagið nær því yfir láglandið meðfram suðurbakka Elliðavatns, þá hluta þess sem sjást frá Þingnesi.

3.2.1.3. *Kópavogspingstaður*

Í Kópavogi var þingstaður Seltjarnarneshrepps og þar voru haldin þriggjahreppa þing, fyrir Álftaneshrepp, Seltjarnarneshrepp og Mosfellssveit.⁵⁹ Kópavogspingstaður hefur sérstöðu meðal hreppaþingstaða vegna nálægðar sinnar við Bessastaði og voru af þeim sökum haldnar þar fleiri samkomur – dómþing og fundir – en annarsstaðar. Meira að segja kom til tals 1574 að flytja alþingi frá Þingvöllum í Kópavog enda væri það miklu hentugri staður.⁶⁰ Þingstaðurinn í Kópavogi hefur þó fyrst og fremst gildi fyrir þjóðarsöguna vegna einveldishyllingarinnar sem þar fór fram 28. júlí 1662 en þar að auki er hann sá þingstaður frá seinni öldum sem mest hefur verið rannsakaður á Íslandi. Jónas Hallgrímsson kom þar 1841 og lýsti minjum á þingstaðnum⁶¹ en Matthías Þórðarson þjóðminjavörður gerði ítarlega könnun á staðhättum á þriðja áratug tuttugustu aldar og staðsetti bæði þinghús þar sem heitir Þinggerði og dysjar sakamanna í grenndinni.⁶² Bæði þinghústóftin, Hjónadysjar og Systkinaleiði voru friðlýst árið 1930.⁶³ Guðrún Sveinbjarnardóttir gróf upp þinghúsið og nærliggjandi rústir 1973-76. Þinghúsið og nærliggjandi öskuhaugar eru frá því eftir 1500 og er húsið talið byggt á 17. öld og gæti hafa verið í notkun fram á fyrri hluta 19. aldar. Brotakenndar eldri leifar eru undir þinghúsinu og norðan við það reyndust vera leifar frá víkingaöld og síðar sem tengjast fremur búsetu en þinghaldi.⁶⁴

Þingstaðurinn var í túnjaðri Kópavogsbæjarins á hólrana ofan við botn Kópavogsins. Gamla þjóðleiðin hefur um aldir legið þar meðfram túninu á sama stað og Hafnarfjarðarvegurinn gerir enn þann dag í dag. Hjónadysjar og Systkinaleiði voru austan við gömlu þjóðleiðina en báðir staðirnir eru nú komnir undir veginn. Hjónadysjar grafnar upp 1988 þegar vegurinn var breikkaður. Þær eru frá 1704 en þá voru maður og kona dæmd til dauða og tekin af lífi í Kópavog fyrir morð á manni konunnar.⁶⁵ Sunnan við vogsbotninn eru skráðar dysjar á tveimur stöðum, milli

⁵⁹ Lýður Björnsson 1972, bls. 100.

⁶⁰ *Alþingisbækur Íslands I*, bls. 267.

⁶¹ Jónas Hallgrímsson 1989, bls. 430-31.


⁶² Matthías Þórðarson 1929.

⁶³ *Fornleifaskrá*, bls. 11.

⁶⁴ Guðrún Sveinbjarnardóttir 1986.

⁶⁵ Guðmundur Ólafsson 1988.

Hafnarfjarðarvegar og vogsins, en þar eru einnig leifar býlsins Litla-Arnarnes og Gvendarbrunnur. Dysjarnar eru taldar tengjast þingstaðnum og er áberandi hvernig þær raðast upp meðfram gömlu þjóðleiðinni. Líklegt er að þær hafi verið fleiri en hafi horfið vegna framkvæmda.



Mynd 9. Uppdráttur Matthíasar Þórðarsonar af Kópavogsþingstað sem fylgdi grein hans um minjastaðinn í Árbók fornleifafélagssins 1929.

Núverandi ástand. Rústasvæðið er innan samfelldrar grasflatar sem er stærsti hluti hins gamla Kópavogstúns. Síðasti Kópavogsbærinn stendur í norðvesturhluta túnsins en há

steinsteypuhús hafa verið byggð þétt við bæinn og túnið að norðan og vestan. Eldra bæjarstæði var neðar í túninu og sér lítið móta fyrir því. Göngustígur liggur að þingstaðnum og þar er upplýsingaskilti. Hafnarfjarðarvegur liggur meðfram minjastaðnum að vestan og hefur afgerandi áhrif á ásýnd og aðkomu. Þrátt fyrir mikla uppbyggingu og umbreytingu á landslaginu má vel átta sig þingstaðnum og sambandi hans við Kópavogsbæ og þjóðleiðina. Þingstaðurinn sjálfur blasir við þeim þúsundum vegfarenda sem fara um Hafnarfjarðarveg á degi hverjum og hann er sömuleiðis vel sýnilegur frá íbúðabyggð í hlíðum hæðanna beggja vegna við voginn.

Afmörkun menningarlandslags. Þegar það var rannskað á áttunda áratugnum var rústasvæðið á hólranaum ekki grafið upp í heild sinni en mun þó nokkurnvegin afmarkað við hólinn. Dreifing dysjanna beggja vegna Hafnarfjarðarvegar, bæði fyrir botni vogsins og sunnan við hann sýna að menningarlandslag þingsstaðarins nær yfir mun stærra svæði og að gamla þjóðleiðin er hluti af því. Menningarlandslagið nær því yfir gamla tún Kópavogsbæjarins og þjóðleiðina milli Arnarneshæðar og Kópavogshæðar. Sjónrænt helgunarsvæði þingsstaðarins nær sömuleiðis milli hæðanna tveggja, út með veginum beggja vegna og inn eftir dalverpinu í átt að Hvammkoti.

3.2.2. Kauphafnir

Fjórar gamlar kauphafnir eru á höfuðborgarsvæðinu: Leiruvogur, Þerneyjarsund, Hólmurinn og Hafnarfjörður. Auk þeirra er getið um siglingu hafskipa í Elliðaár í fornritum, um „kauprein á Gufunuesi“ árið 1496,⁶⁶ Seilu á Álftanesi sem líta má á sem hluta af menningarlandslagi Bessastaða (sjá að neðan) og Straumsvík þar sem þýskir kaupmenn ráku verslun á 16. öld.⁶⁷ Þá geta Eggert og Bjarni um Leynivoga í Kollafirði þar sem Hólmskaupmenn áttu að hafa flúið með skip sín og varning undan hugsanlegri árás Tyrkja 1627.⁶⁸ Eflaust hafa hafskip lent á fleiri stöðum á þessu svæði þó heimildir geti þess ekki enda eru hafnarskilyrði víða góð, en það er á þessum fjórum stöðum þar sem sigling var svo regluleg árum og áratugum saman að kaupmenn komu sér þar upp aðstöðu og staðirnir urðu fastapunktur í vöruflutningakerfi landsmanna.


⁶⁶ Íslenzkt fornbréfasafn VII, 304.

⁶⁷ Helgi Þorláksson 2017, bls. 200-201.

⁶⁸ Eggert Ólafsson & Bjarni Pálsson 1772, bls. 77.

3.2.2.1. Leiruvogur

Í fornritum er þess getið á nokkrum stöðum að hafskip hafi lent í Leiruvogi en hvergi er getið um búðir kaupmanna eða sagt frá því hvar við voginn höfnin var. Örnefnin Skipphóll⁶⁹ og Hestaþingshóll fyrir botni vogsins að sunnanverðu gætu helst vísað á samkomustaði en frá Hestaþingshóli er skammt til hreppþingstaðar Mosfellssveitar á



Mynd 10. Möguleg afmörkun menningarlandslags Leiruvogshafnar. Þyngri skyggingin afmarkar menningarlandslagið sjálft en sú veikari gefur ábendingu um hvernig sjónrænt helgunarsvæði hafnarinnar gæti verið afmarkað. Slíka afmörkun þyrfti að gera á grundvelli nákvæmari athugana á sjónlínunum. Á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Varmá þar sem líka var kirkja sem grafin hefur verið upp.⁷⁰ Utan og sunnan við mynni Leiruvogs, á Gerði í Blikastaðakró benti Kristján Eldjárn á rústir á sjávarbakkanum sem gætu tengst utanlandsverslun eða útgerð.⁷¹ Þær hafa verið mældar upp og voru friðlýstar 1978 en ekkert meira er vitað um hlutverk þeirra. Þar sem Leirvogs er eingöngu getið í sambandi við skipakomur í Landnámabók og Íslendingasögum, en

⁶⁹ Kaalund 1984, I, bindi, bls. 32.

⁷⁰ Sveinbjörn Rafnsson 1971.

⁷¹ Kristján Eldjárn 1981.

ekki t.d. í Sturlungu eða annálum síðmiðalda, hefur verið talið að höfnin hafi verið þar eingöngu á fyrstu öldum en hafi færst yfir í Þerneyjarsund þegar komið var fram um 1300. Því gæti hafa valdið að vogurinn hafi fyllst meir og meir af framburði og því orðið óhentugur sem höfn, því meir sem skipin urðu stærri eftir því sem leið á miðaldir og hætt var að draga þau upp á land til að láta standa yfir veturinn.

Núverandi ástand. Leiruvogur er í heild sinni lítið raskaður. Þó mannvirki – golfvöllur og íbúðabyggð að sunnan, hesthúsahverfi og flugbraut að austan og framræst tún að norðan – ná víða niður að sjávarbökkunum eru engar landfyllingar og engir varnargarðar við voginn. Bakkarnir og fjaran neðan hafa fengið að halda sér. Við Varmárósa er afmarkað friðland.

Afmörkun menningarlandslags. Höfnin nær um allan voginn – og út fyrir hann að sunnan ef sú tilgáta er rétt að mannvirkin í Blikastaðakró tengist hafskipakomum. Menningarlandslagið er með ströndinni frá Blikastaðakró og út að norðanverðu á mótis við Víðines. Það er um 20-200 m breið ræma en hið sjónræna helgunarsvæði nær yfir mun stærra svæði, einkum þar sem sést til vogsins af þjóðvegi 1.

3.2.2.2. *Þerneyjarsund*

Heimildir geta um hafskipakomur í Þerneyjarsund á 14. og 15. öld. Á þeim tíma hefur þar verið ein aðalhöfn landsins.⁷² Hún hefur tekið við af Leiruvogi og var forveri kaupstaðarins í Hólminum. Í bréfi frá 1492 er greinilega vísað til Þerneyjarsunds sem staðar þar sem Skálholtsstóll hafði aðstöðu vegna utanlandsverslunar.⁷³ Í byrjun 18. aldar segir Árni Magnússon skýrt frá ummerkjum um kaupstaðinn: „Fyrir austan Þerney milli og lands heitir Þerneyjarsund. Þar hefur skipalega verið í gamla daga og sér til búðastæða á landinu fyrir austan sundið, þar sem menn segja kaupstefnuna verið hafa. Búðastæðin eru vallgróin.“⁷⁴ Fornfræðingar 19. aldar höfðu ekki jafn mikinn áhuga á kauphöfnum og þingstöðum og engar lýsingar eru til á Þerneyjarsundi frá þeim tíma. Það var ekki fyrr en Kristján Eldjárn rannsakaði staðhætti við sundið í lok áttunda áratugs 20. aldar að skýr niðurstaða fékkst um staðsetningu kauphafnarinnar. Kristján benti á stórgerðan þúfnaklasa neðst og suðvestast í túni Niðurkots, ofan við malarkambinn, sem líklegan stað fyrir búðastæði þau sem Árni Magnússon lýsti nærri 300 árum fyrr.⁷⁵ Í vettvangsferð sem gerð var 2001 sáust mannvistarleifar í rofbakka á

⁷² Helgi Þorláksson 2017, bls. 93-96.

⁷³ *Íslenskt fornbréfasafn* VII, bls. 153.

⁷⁴ Árni Magnússon 1955, bls. 61.

⁷⁵ Kristján Eldjárn 1981, bls. 34.

Þessum stað, móaska og vegghleðsla með gjóskulagi frá 1226.⁷⁶ Það styður eindregið að þarna séu leifar frá þeim tíma sem Þerneyjarsund var hafskipahöfn, á 14. og 15. öld. Niðurkot, einnig nefnt Sundakot, var hjáleiga frá Þerney og var árið 1704 talin „eldri en menn til minnast.“⁷⁷ Hvort byggð í Niðurkoti sé eldri en kauphöfnin, og hafi þá verið samtíða henni, eða hvort hún hefur hafist eftir að hætt var að sigla á Þerneyjarsund er ekki vitað. Auk mögulegra búðastæða í túni Niðurkots eru fiskbyrgi á höfða Álfsnesmegin við merkin. Kristján taldi 8 eða 9 grjótbodyrgi í höfðanum og sýndist ótvírætt að þau væru fiskbyrgi eða skreiðarbyrgi.⁷⁸ Hann taldi hinsvegar óvíst hvort þau væru forn og fannst þau of langt í burtu frá „kaupstaðnum (?)“ í Niðurkoti til að þar gæti verið samband á milli, auk þess sem þau kæmu fremur við útgerð og fiskverkun en kaupstað.⁷⁹ Tvennt er einkum að athuga við þessa skoðun. Annarsvegar voru fiskbyrgi enginn staðalbúnaður á sjávarjörðum. Þau finnast nánast eingöngu á stærstu verstöðvum, á borð við Vestmannaeyjar, Gufuskála og Selatanga, og eru talin til marks um stórfellda skreiðarverkun og útflutning.⁸⁰ Í Þerneyjarsundi var hinsvegar engin verstöð. Heimræði var frá Þerney 1704 „þegar fiskur gekk til sunda, en verstaða hefur hjer aldrei verið fyrir aðkomandi sjófólk.“, frá Viðinesi „þegar fiskur gekk til sunda, en skipagata ærið löng“ og frá Álfsnesi: „þá fiskur gekk til sunda“ en um Sundakot(Niðurkot) er sérstaklega tekið fram að „Sjávarhlunnindi hefur hjáleigan engin.“⁸¹ Þó þessar jarðir liggi að sjó eru þær langt frá helstu miðum við Faxaflóa og engar líkur á því að þar hafi verið landað blautfiski í svo stórum stíl að það hafi krafist sérstaks útbúnaðar eins og fiskbyrgjanna. Það er heldur ekki rétt a fiskbyrgi hafi verið notuð „langt á aldir fram. Engar heimildir geta um notkun fiskbyrgja á Íslandi eftir siðaskipti.⁸² Ekki aðeins er þyrping greinilegra fiskbyrgja í höfðanum milli Niðurkots og Glóru heldur er önnur eins þyrping utar á Gunnunesi.⁸³ Líklegasta skýringin á þessum byrgjum er að í þeim hafi verið geymdur fiskur sem landað var annarsstaðar og fluttur verkaður eða hálfverkaður til Þerneyjarsunds þar sem hann gat beðið útskipunar. Það kemur vel heim við áðurnefnt bréf frá 1492 þar sem Þerneyjarsund er talið meðal þeirra staða sem landsetar Skálholts áttu að lána hesta til að flytja vörur til

⁷⁶ Anna Lís Guðmundsdóttir 2008, bls. 32.

⁷⁷ *Jarðabók III*, bls. 331.

⁷⁸ Átta byrgi voru skráð við fornleifaskráningu 2018: Anna Lís Guðmundsdóttir & Margrét Björk Magnúsdóttir 2018b, bls. 12-21.

⁷⁹ Kristján Eldjárn 1981, bls. 35.

⁸⁰ Lúðvík Kristjánsson 1985, bls. 287-96.


⁸¹ *Jarðabók III*, bls. 330-33.

⁸² Lúðvík Kristjánsson 1985, bls. 287-96.

⁸³ Anna Lís Guðmundsdóttir 2008, bls 27, 35.

og frá. Fiskbyrgin eru því hluti af menningarlandslagi kauphafnarinnar og raunar mest áberand ummerkin um hana á yfirborði.

Núverandi ástand. Búið var í Niðurkoti til 1886 og Glóru, hjáleigu frá Álfsnesi, til 1935. Tún og bæjarstæði þessara tveggja kota eru mjög vel varðveitt og greinileg, meðal



Mynd 11. Möguleg afmörkun menningarlandslags Perneyjarsunds. Menningarlandslagið er sýnt með skyggingu en strikalínur sýna mögulega afmörkun búsetulandslags á svæðinu.

örfárra slíkra bæjarstæða sem vitna um búsetulandslag 19. aldar sem enn er að finna á höfuðborgarsvæðinu. Búskapur var fram eftir 20. öld bæði á Álfsnesi og í Víðinesi en höfuðbólið Perney fór í eyði á fyrri hluta 20. aldar og eru byggingar horfnar og aðeins standa þar nú tveir skúrar. Austur af Álfsnesi er athafnasvæði Sorpu en að öðru leyti hafa ekki verið neinar stórfeldar framkvæmdir eða mannvirkjagerð við Perneyjarsund. Hinsvegar er útbreitt minniháttar rask af ýmsum toga, vegarslóðar, lagnir í jörðu, gámar og aðstaða til að setja báta á flot við mölina sunnan við Niðurkot og tilflutningur á jarðefnum fyrir botni Álfsnesvíkur. Svæðið er dæmigerður þéttbýlisjaðar – þar hefur í

sjálfu sér ekki verið mikið um framkvæmdir en það hefur drabbast af einni saman nálægð við borgina.

Afmörkun menningarlandslags. Kristján Eldjárn skilgreinir vel takmörk menningarlandslagsins við Þerneyjarsund: „Fyrst við lága hamrahöfðann (sem víst heitir einfaldlega Höfði) með fiskbyrgjunum við lægðina sem bæirnir tveir [þ.e. Glóra og Álfnes] eru í, byrjar hið eiginlega Þerneyjarsund og nær þangað suður sem Gunnunes sveigir til austurs og verður þar næstum réttthyrnt nef á. Þessi vegalengd – hið eiginlega Þerneyjarsund – er ekki nema tæpur hálfur annar kílómetri.”⁸⁴ Mannvistarleifar sem tengjast kauphöfninni beint og óbeint eru í þremur meiginþyrpingum eftir endilangri ströndinni. Mörkin að suðaustan liggja einfaldlega eftir endilöngu nesinu þar sem það er hæst. Auk þess er nauðsynlegt að telja þann hluta Þerneyjar, með bæjarstæðinu, sem snýr að sundinu sem hluta af menningarlandslagi kauphafnarinnar. Þerney var miðstöðin þegar höfnin var í notkun og þar hafa sjófarendur farið til kirkju til að þakka fyrir að komast heilir í höfn - þó ekki væri annað. Menningarlandslag kauphafnarinnar skarast við óvenju vel varðveitt búsetulandslag sem mikils er um vert að varðveita. Það nær yfir sama svæði en auk þess vesturhluta Þerneyjar (þ.e. öll eyjan), austurhluta Gunnuness og bæjarstæði Glóru. Sjónrænt helgunarsvæði kauphafnarinnar fellur nokkurn veginn saman við mörk þessa búsetulandslags.

3.2.2.3. *Hólmurinn*

Elsta heimild um verslun í Hólminum er frá 1521 og ráku þýskir kaupmenn verslun þar út 16. öldina. Þegar einokun var komið á 1602 var verslunarstaður á Akranesi lagðir niður og Hólmurinn varð aðalkaupstaður fyrir svæðið milli Arnarness og Hvítár í Borgarfirði. 1715 voru hús Hólmsverslunar á suðurenda Örfiriseyjar en Skúli Magnússon landfógeti heldur því fram í lýsingu sinni á Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 1785 að verslunin hafi áður verið í Grandahólmi.⁸⁵ Engar aðrar heimildir eru um þetta og deildar meiningar eru meðal fræðimanna um hvort þetta geti verið rétt.⁸⁶ Sagnir eru um festarhring í Grandahólmi en enginn sem getur um þær hefur þó séð hann sjálfur.⁸⁷ Það myndi skýra nafnið á kaupstaðnum ef hann hefur upphaflega verið í Grandahólmi – þó vel megi einnig kalla Örfirisey ‚hólm‘ – og hefur hann þá verið færður yfir í


⁸⁴ Kristján Eldjárn 1981, bls. 32-33.

⁸⁵ Skúli Magnússon 1944, *Beskrivelse af Gullbringu- og Kjósar sýslur*, Bibliotheca Arnamagnæana IV, Hafniæ, bls. 107.

⁸⁶ Helgi Þorláksson 1974, bls. 95-98.

⁸⁷ Helgi Þorláksson 1974, bls. 113.

Örfirisey einhvern tíma fyrir 1715. Landsig veldur því að Grandahólmur er nú að mestu brotinn í sjó og flæðir yfir hann á stórstraumi en fyrr á öldum hefur hann verið stærri og tengdur landi með granda sem hefur alla jafna staðið upp úr sjó. Helstu rökin á móti þessum möguleika er að hafnarskilyrði eru sýnu lakari vestan við Grandann en í Reykjavíkurböfn sjálfri. Verslunarhúsin stóðu á suðurenda Örfiriseyjar til 1780 þegar verslunarstaðurinn var færður til Reykjavíkur og kaupmannahús reist við norðurenda Aðalstrætis. Engar lýsingar eru til á ummerkjum um verslunarhúsin í Örfirisey en þar voru tvö timburhús þegar verslunin var flutt. Ekki er vitað um nákvæma staðstningun þeirra en þau hafa verið nálægt gatnamótum Járabrautar og Eyjaslóðar. Á norðvestanverðri eynni heita Hásteinar og eru þar bergristur frá ýmsum tímum. Þar á meðal var steinn sem á var klappað strik og undir því áletrunin „Mimore mori“. Lengd striksins svarar til lengd álnar um 1720. Steinninn er nú í Árbæjarsafni.⁸⁸




Mynd 12. Örfirisey 1902. Mælingablað frá Danska Herforingjaráðinu.

Núverandi aðstæður. Grandahólmi er nú ekki annað en umflotið sker og enginn jarðvegur eftir á honum. Grandinn sem tengir hann við aðalgrandann milli Ánanausta og Örfiriseyjar er kominn undir landfyllingar að sunnanverðu en norðurhlutinn er óraskaður. Hann stendur upp úr á fjöru og vegfarendur sem fara um Ánanaust,

⁸⁸ Helgi Þorláksson 1974, bls. 101. Bjarni F. Einarsson 1995, bls. 32.

Eiðsgranda og Norðurströnd geta vel gert sér grein fyrir hvernig aðstæður gætu hafa verið þarna fyrr á öldum. Öðru máli gegnir um kaupstaðinn á suðurenda Örfiriseyjar. Þar hafa landfyllingar og byggingar afmáð öll ummerki og tengsl við landshætti 18. aldar.⁸⁹ Aðeins stutt ræma af norðausturströnd eyjarinnar sjálfrar er óröskuð og klöpp með áletrunum sem skagar undan sjóvarnargarðinum á norðvesturhorni hennar.



Mynd 13. Hafnarfjörður 1902. Frumkort danska herforingjaráðsins. Háigrandi er suðuroddinn á Hvaleyrargranda sem myndar eins og lykkju austan við fjörðinn. Þó suðuroddinn sé sýnilega hærri en aðrir hlutar grandans hefur sýnilega flætt yfir hann á þessum tíma.

⁸⁹ Oddgeir Isaksen 2011, bls. 140-42.



Mynd 14. Háigrandi á ljósmynd frá byrjun 20. aldar. Byggðasafn Hafnarfjarðar.

3.2.2.4. *Hafnarfjörður*

Eins og nafnið bendir til er Hafnarfjörður ein besta höfn landsins frá náttúrunnar hendi og er ekki að efa að þangað hafa hafskip komið á fyrstu öldum. Engar heimildir eru þó um siglingu þangað fyrr en 1391⁹⁰ og á 15. öld varð Hafnarfjörður ein aðahöfn enskra kaupmanna á suðvesturhorninu. Eftir 1490 réðu þýskir kaupmenn þar lögum og lofum þar til einokun var komið á 1602. Hafnarfjörður er meðal þeirra staða þar sem kaupsigling hefur verið lengst á Íslandi.

Árni Magnússon segir frá því að elstu kaupmannabúðirnar í Hafnarfirði hafi verið fyrir botni fjarðarins, sunnan Hamarslækjar,⁹¹ en á 16. öld munu þær hafa verið á Hvaleyrargranda, þar sem nefndist Háigrandi. Þar reistu þýskir kaupmenn fyrstu lúthersku kirkjuna á Íslandi.⁹² Þegar dönsku einokunarkaupmennirnir tóku við 1602

⁹⁰ *Íslandske annaler*, bls. 367, 424.

⁹¹ Árni Magnússon 1955, bls. 53-54.

⁹² Piper 1970.

voru þeir fyrst um sinn á Háagranda en fluttu verslunarhúsin 1677 yfir fjörðinn í land Akurgerðis, þaðan sem kaupstaðurinn þróaðist síðan.⁹³

Núverandi ástand. Af lofmyndum frá miðri 20. öld að dæma var Háigrandi að mestu horfinn í sjó áður en núverandi landfyllingar voru gerðar þar sem hann hafði verið, á seinni hluta 20. aldar. Þar heitir gata á fyllingunni Fornubúðir og vísar til staðarins þar sem kaupstaðurinn og kirkjan voru fyrir 1677. Ekki er vitað hvar nákvæmlega elstu kaupmannabúðirnar voru sunnan við Hamarslæk en að líkum lætur hefur það verið á Hamarskotsmöl, á þeim slóðum sem kirkjan og Fjörukráin eru nú. Gömlu húsin tvö sem hýsa Fjörukrána eru frá 1841 og þó þau standi ekki í beinum tengslum við elstu kaupstaðaminjarnar í Hafnarfirði eru þau með elstu húsum í bænum og vitna um sögu hans og þróun. Elsta hús bæjarins er á gömlu kaupstaðarlóðinni sem flutt var á 1677. Það er hús Bjarna Sívertsen sem byggt var 1803-1805 og við hlið þess er pakkhús frá 1865. Í þessum húsum er Byggðasafn Hafnarfjarðar með sýningar um sögu bæjarins en auk þess eru upplýsingaskilti meðfram s.k. Strandstíg fyrir botni fjarðarins sem gefa vegfarendum hugmynd um þær breytingar sem hafa orðið á menningarlandslagi Hafnarfjarðar.

Afmörkun menningalandslags. Sívertsenhúsin eru hluti af borgarlandslagi Hafnarfjarðar og eina sýnilega tengingin við eldri sögu kauphafnarinnar. Landfyllingar og háar byggingar fylla sjónsviðið nánast alls staðar þar sem benda mætti á fasta punkta í hinu horfna menningarlandslagi. Einkum gerbreyta hinar miklu landfyllingar suðvestan megin í höfninni allri upplifun af Hafnarfirði sem fornu kauphafnarlandslagi. Eins og á miðbæ Reykjavíkur er það fremur þekkingin á sögunni og því sem gæti leynst undir malbiki sem hefur áhrif á söguskynjun staðarins heldur en landslagið sjálft.

3.2.3. Miðstöðvar á landsvísu

Á höfuðborgarsvæðinu eru tvær miðstöðvar á landsvísu sem eiga sögu aftur á 13. öld. Í Viðey var stofnað klaustur 1226 og var það eitt af átta klaustrum sem voru rekin um aldir á Íslandi. Bessastaðir komust í eigu Noregskonungs eftir aftöku Snorra Sturlusonar 1241 og varð jörðin miðstöð stjórnsýslu konunga á Íslandi fram á 18. öld. Á báðum þessum stöðum voru reist stór steinhús og steinkirkjur um miðja 18. öld og á báðum þessum stöðum hafa farið fram umfangsmiklir fornleifauppgreftir. Þessir tveir staðir eiga það sameiginlegt að vera báðir allfjarri framkvæmdasvæðum

⁹³ Helgi Þorláksson 2017, bls. 201-202.

höfuðborgarsvæðisins og að þeim er ekki ógnað af uppbyggingu í grennd. Bæði Viðey og Bessastaðanes eru í heild sinni vel varðveitt menningarlandslag og er hvorttveggja skýrt afmarkað af náttúrunnar hendi. Á báðum stöðum eru reisulegar byggingar sem sjást víða að og það er einkum skerðing á útsýni til þeirra sem ógnar þeim sem menningarlandslagi. Sem dæmi má taka að nú er verið að gera stóra landfyllingu innan við Laugarnes og mun fyrr eða síðar skapast þrýstingur á að reisa þar byggingar sem munu slíta sjónlínur frá vesturhluta Sæbrautar og Laugarnesi að Viðey.

Reykjavík hefur algera sérstöðu meðal íslenskra sögustaða því þar er að finna á sama blettinum bæði sagnir og minjar um elstu byggð í landinu og elsta borgarlandslag á Íslandi. Í borgarlandslagi Kvosarinnar má greina ummerki og spor eftir horfna landshætti en það sem blasir við er fyrst og fremst nútímaborg með hlutfallslega mikla – á íslenskan mælikvarða – sögulega dýpt. Á grundvelli fornleifarannsókna síðustu áratuga má gera sér allgóða grein fyrir landsháttum víkingaaldar í Kvosinni en upplifun þeirra hefur ekki nema lítinn stuðning af því sem er að sjá á yfirborði. Það snýr fremur þannig að þessi forsaga gefi borgarlandslaginu gildi.



Mynd 15. Laugarnes og Laugarnesstofa 1836. Gustav Meyer.

Í tengslum við uppgang Reykjavíkur á seinni hluta 18. aldar urðu til nýjar miðstöðvar í grennd við bæinn. Auk steinhúsanna gömlu á Bessastöðum og í Viðey voru reist steinhús á gömlu kirkjustöðunum, Nesi við Seltjörn og Laugarnesi. Þau voru reist sem embættismannabústaðir og endurspegla ákveðið stig í þróun Reykjavíkur sem höfuðstaðar. Auk þess tengjast báðir staðirnir sögu lækninga, Nes sem bústaður landlæknis og Laugarnes sem holdsveikraspítali á fyrri hluta 20. aldar. Á báðum þessum stöðum hafa varðveist sneiðar af búsetu- og menningarlandslagi. Nesstofa (byggð 1761-67) sést óvíða að en hún trónir uppi á stórum bæjarhól yfir hinu flennistöra túni Ness og hefur ytri helmingur þess varðveist þannig að greina má túngarða og allmörg gerði sem eiga sér enga nána samsvörun annarsstaðar. Talsverðar fornleifarannsóknir hafa verið gerðar á og við bæjarhólinn í Nesi, m.a. á bæjarstæði hjáleigunnar Móakots. Laugarnesstofa (byggð 1826) hefur ekki varðveist og heldur ekki holdsveikraspítalinn sem reistur var á grunni hennar í lok 19. aldar.⁹⁴ Hluti af grunni hans hefur hinsvegar verið gerður sýnilegur.⁹⁵ Bæjarhóll Laugarness er enn sýnilegur en menningarlandslagið er mikið skert af stórum umferðargötum og háum húsum í kring. Laugarnes er ein staðurinn á gervallri norðurströnd Reykjavíkurborgar, frá Elliðavogi að Eiðsgranda, þar sem enn er náttúruleg fjara. Laugarnes er verndarsvæði en sú vernd nær ekki til framkvæmda fast við mörk svæðisins sem munu hafa áhrif á ásýnd þess og upplifun þeirra sem heimsækja það.

Þessir þrír staðir, Kvosin í Reykjavík, Nes við Seltjörn og Laugarnes eru allir verulega skertir sem menningarlandslag. Í Kvosinni hafa nýleg átök um hafnargarð og Víkurkirkjugarð sýnt að hefðbundin úrræði minjavörslunnar duga ekki vel, hvorki til að vernda menningarminjar undir yfirborði né til að vernda þau menningarsögulegu samhengi sem gefa borgarlandslaginu gildi. Ljóst er að finna þarf lausnir annarsvegar til að vernda með heildstæðum hætti þær minjar sem þar eru faldar í jörðu, hvort sem er frá elstu tíð eða eldri stigum borgarmyndunar, og hinsvegar til að vernda sérkenni og svipmót Reykjavíkur sem borgarlandslags, staðarandann. Sú meginhugsun sem verndun menningarlandslags byggir á, að það sé samhengi, ásýnd og upplifun sem gefur landslaginu gildi, vísar veginn. Í Kvosinni, og það á einnig við um borgarlandslag almennt, er þörf rannsóknar á því hvernig tryggja megi að nýframkvæmdir skerði ekki þau gæði sem landslagið hefur. Í Nesi og á Laugarnesi snýst verndun menningarlandslagsins um að bæta sjónrænum helgunarsvæðum staðanna við þá verndun sem fyrir er. Það felst í að skilgreina útsýnið frá þessum

⁹⁴ Margrét Hallgrímsdóttir 1998.

⁹⁵ Lísabet Guðmundsdóttir 2019.

stöðum sem hluta af gildi þeirra, og að koma í veg fyrir að sjónlínur að stöðunum skerðist ekki frekar en orðið er.

3.2.4. Sögusvið Íslendingasagna

Á 19. öld snerist í íslensk fornleifafræði nær eingöngu um Íslendingasögur – og byggðist þá upp mikil þekking á örnefnum og staðhátum þeim tengdum – en síðan fyrir miðja 20. öld hafa fornleifafræðingar ekki talið það vera meginhlutverk sitt að rannsaka sögurnar eða staðhætti þeirra. Engu að síður er það í gegnum sögurnar sem fólk tengir hvað sterkast við fortíðina og þær gefa þeim svæðum þar sem atburðir þeirra gerast sögulega og menningarlega dýpt sem eru einstök verðmæti.

Þar sem hefðbundið búsetulandslag og búsetulandslag 20. aldar er ráðandi reynir ekki svo mikið á varðveislu sögusviðs fornsagna. Áhugafólk getur við slíkar aðstæður tiltölulega auðveldlega áttað sig á atvikastöðum, landslags- og leiðarlýsingum sagnanna. Í langflestum tilvikum er byggðamynstrið óbreytt eða svo lítið breytt að það hindrar ekki upplifun. Öðru máli gegnir um búsetulandslag 21. aldar og borgarlandslag. Slíkt landslag er alla jafna orðið svo fullt af öðrum atriðum að staðhættir sagnanna verða torráðnir og jafnvel óskiljanlegir. Varðveisla sögusviðs snýst að hluta til um sömu atriði og hefðbundin verndun minjastaða og verndun búsetulandslags sem hér hefur verið lýst, en líka um varðveislu og miðlun þekkingar á horfnum landshátum. Sögusviðið sprettur ekki af landinu eða minjunum heldur af bókmenntatexta sem – í tilfelli Íslendingasagna – hefur tvennskona tímavídd, þ.e. tímenn sem sagan á að gerast á og tímenn sem hún var skrifuð á. Í sumum sagnanna er meðvitund um þetta, að landshættir séu aðrir á ritunartíma en þeir voru þegar atburðirnir gerðust sem lýst er. Í öðrum ber ekki á slíkri meðvitund en allar sögurnar gerast í raunheimi – heimi sem lesendur sagnanna hafa um aldir getað staðsett sögurnar í. Ef varðveita á sögusvið þarf því að huga að þessari umgjörð og líka þekkingunni sem er til um hvar atburðir sagnanna eiga að hafa gerst. Iðulega eru um það álitamál sem eiga sér jafnvel svo langa sögu að þau eru orðin partur af skilgreiningu sögusviðsins. Áhöld um hvar Egill Skallagrímsson fól fjársjóð sinn er dæmi um þetta. Sögusviðið er því gert úr landslaginu sjálfu, vísbendingum í því um staði sem getið er í sögunum (örnefni, bæjarstæði, leiðir) og úr þeirri þekkingu sem byggst hefur upp um hvernig frásagnir sagnanna koma heim og saman við slíkar vísbendingar. Þetta er samhengið sem þarf að finna leiðir til að varðveita og hlúa að.

Lesendur sagnanna setja sig óhjákvæmilega í þær stellingar að sjá fyrir sér landslagið eins og það var á sögutímanum (sem er einfaldast að skilja sem ritunartíma viðkomandi sögu að teknu tilliti til hugmynda ritara um hvað hefði breyst frá enn fyrri tíð og þess sem má skrifa á hreina ímyndun eins og Búahelli í Kjalnesinga sögu) og með því breytist upplifun þeirra af landslaginu eins og það er í dag. Sögurnar gefa lesendum færi á að skynja sögulega dýpt staðanna og landslagsins sem er hluti af söguviðinu. Markmiðið með varðveislu söguviðs ætti að vera að nútímafólk geti lesið söguna saman við landslagið án þess að þurfa að leggjast í rannsóknir á breytingum á landnotkun. Varðveisla söguviðs getur farið saman við mannvirkjagerð og breytingar á landnotkun en þær breytingar verða að vera gerðar með tilliti til söguviðsins, föstu punktana í því (bæjarstæði, atburðastaðir), sjónlína og leiða.

3.2.4.1. Söguvið Kjalnesingasögu


Kjarninn í söguviði Kjalnesinga sögu nær frá Kjalarnesi sjálfu, Brautarholti og Hofi, austur um Esjubeig og inn í Kollafjörð. Á því svæði verður mest af atburðarás sögunnar en hún teygir sig líka norður í Saurbæ á Kjalarnesi, suður að Elliðavatni og austur að Kolviðarhóli undir Hellisheiði. Lýsingar sögunnar á ferðum Búa milli Esjubergs og Brautarholts annarsvegar og Esjubergs og Kollafjarðar hinsvegar eru þannig að nútímafólk getur sett sig í spor hans, rakið leiðirnar og séð fyrir sér hvar atburðir sögunnar urðu. Eins og málum er nú háttað er ekki greiðfær göngu- eða reiðleið milli Hofs og Esjubergs, og Grundará tálmar för milli Esjubergs og Kollafjarðar en þar fyrir utan eru leiðirnar auðraktar og auðfarnar. Lítið þyrfti til til að opna hindrunarlausa gönguleið á milli Brautarholts og Kollafjarðar, og til að vekja athygli á atburðastöðum og lýsingum sögunnar.

3.2.4.1. Söguvið Egilssögu

Aðeins lítill hluti Egilssögu gerist í Mosfellsdal og sagan hefur fát af landsháttum í dalnum að segja. Það er fyrst og fremst sagan um hvar Egill fól fjársjóð sinn og drap þrælana sem setur mark sitt á menningarlandslagið. Sú saga var tilefni til vangaveltna um staðsetningu fjársjóðsins þegar Egils saga var skrifuð og hefur verið það æ síðan. Sú gáta er óleyst en hver sem reynir sig við hana tekst á við að skilja landshætti sögutímans og hvernig þeir hafa breyst til að skapa það landslag sem við blasir í dag. Sagan getur

einnig um kirkjugarð á Hrisbrú og beinafærslu úr honum til Mosfells á 12. öld. Á Hrisbrú hefur verið grafinn upp stór skáli og kirkja frá 11. öld sem veita einstakt tækifæri til að tengja við frásagnir Egils sögu og miða út landshættina á sögutímanum.

Söguvið Egilssögu í Mosfellsdal er sunnan í Mosfelli, jarðirnar Minna Mosfell, Mosfell og Hrisbrú, auk þess sem hafskipahöfnin í Leiruvogi kemur við söguna. Landslagið á þessu svæði er 21. aldar búsetulandslag en umskiptin hafa ekki orðið meiri en svo að ennþá má vel gera sér í hugarlund hvernig umhorfs var í dalnum á víkingaöld.



Mynd 16. Söguvið Egils sögu í Mosfellsdal sýnt á Herföngjaráðskorti frá 1909.

4. Niðurstöður

Vaxandi umhverfisvitund felur í sér að fólk er í auknum mæli meðvitað um þau gæði sem felast í umhverfinu. Því fylgir krafa um verndun og aðgengi, en líka krafa um skýra stefnu af hálfu stjórnvalda. Í nútímavæðingunni, einkum síðustu 100 árin, hafa margvísleg umhverfisgæði farið forgörðum, iðulega vegna þess að skammtímahagsmunir hafa ráðið för við ákvarðanir um landnotkun, og vegna þess að

þær stofnanir samfélagsins sem ættu að passa upp á þessi gæði hafa ekki haft þau úrræði sem nauðsynleg eru til að halda uppi skilvirkum vörnum. Áskorun minjaverndaryfirvalda í þessu samhengi er að skilgreina hvaða gæði skipta máli í menningarsögulegu tilliti og þróa aðferðir til að vernda þau.

Í þessari skýrslu er rakið hvernig hugmyndir um menningarsöguleg verðmæti hafa þróast frá því að einskorðast við gripi, hið smáa og einstaka, til þess að ná til bygginga og minjastaða og síðan landslagsheilda. Stefnan í þessari þróun er svo skýr að ekki þarf að velkjast í vafa um hverjar kröfur komandi kynslóða verða: þær verða um heildstæða varðveislu landslags þar sem söguleg dýpt er dregin fram og menningarsöguleg gæði gerð aðgengileg í stað þess að valtað sé yfir þau. Eftir því sem borgarlandslagið þéttist og rammar inn sífellt stærri hluta af daglegu umhverfi fólks þeim mun háværari verða kröfurnar annarsvegar um gæði borgarlandslagsins, að það sé landslag sem fólki getur liðið vel í og þar sem hlúð er að sögulegri dýpt og staðaranda, og hinsvegar um aðgengi að annarskonar landslagi, þar sem hægt er að sækja sér hvíld frá erli borgarinnar og komast í tengsl við náttúru og sögu. Til að mæta þessum kröfum verða minjaverndaryfirvöld að hafa skýra sýn á hvaða verðmæti eru í húfi og hvernig er farsælast að varðveita þau. Slík sýn verður að byggja á skýrt skilgreindum hugtökum, á skýrum viðmiðum um gildi og gæði, og vel útfærðri aðferðafræði.

Þessari skýrslu er ætlað að leggja fræðilegan grundvöll að verndun menningarlandslags á Íslandi. Hefðbundin minjavarsla miðast við að vernda gripi og einsök mannvirki eða mannvirkjaleifar en ákall eftir verndun landslagsheilda kallar á ný úrræði sem einsætt er að geta stangast á við annarskonar hagsmuni. Einfaldasta og sterkasta úrræðið er að kortleggja þau verðmæti sem nauðsynlegt er að vernda, skilgreina gildi þeirra og afmörkun, og geta þannig mætt hugmyndum um breytingar á landnotkun með vel grunduðum rökum og skýrum línunum.

Í Lögum um menningarminjar koma fyrir tvö hugtök sem liggja til grundvallar þeim viðhorfum sem skýrsla þessi byggir á: „menningarlandslag“ og „búsetulandslag“. Hér eru lagðar til eftirfarandi skilgreiningar á þeim: Hugtakið „menningarlandslag“ vísar til hinna menningarlegu gilda sem gera landslag verðmætt. „Búsetulandslag“ er sú tegund menningarlandslags þar sem búseta og búskapur hafa sett mark sitt á landið. Á Íslandi lýsir „búsetulandslag“ stærstum hluta þess lands þar sem ummerki um byggð sjást á annað borð. Búsetulandslag er því það menningarlandslag sem minjavarslan hefur alla jafna mest af að segja – þar er mest af fornleifum og sögu.

Til viðbótar við búsetulandslagið eru landslagsheildir sem skera sig úr vegna sérstaks sögulegs gildis. Þær eru ‚afmarkað menningarlandslag‘ – það er menningarlandslag sem tengist einverri sögu, atburðum eða starfsemi sem hefur sett mark sitt á landslagið og mótask af því. Í þessum flokki eru sögustaðir en líka sögusvið bókmennta á borð við Íslendingasögurnar sem unnið hafa sér sess í menningarsögu þjóðarinnar.

Lögð er til heildstæð nálgun á skilgreiningu menningarlandslags. Hún felst annarsvegar í flokkun alls landslags í sjö flokka eftir menningarsögulegum einkennum sínum og hinsvegar skilgreining á afmörkuðum svæðum með sérstakt menningarsögulegt gildi umfram eða óháð því gildi sem felst í hinna almennu landslagsflokkun. Í skýrslunni er sett fram tillaga að skrá yfir menningarlandslagsheildir á höfuðborgarsvæðinu – því svæði á landinu þar sem mest reynir á verndun menningarlandslags – og fjallað um afmörkun hvers þeirra. Lagt er til að hverju menningarlandslagi þurfi að fylgja sjónrænt helgunarsvæði en nákvæm afmörkun þess kallar á ítarlegri rannsóknir en gerðar voru fyrir þessa skýrslu.

Skilvirk verndun (hvort sem það er með friðlýsingu eða öðrum hætti) þarf að byggja á traustum rannsóknum á viðkomandi menningarlandslagi. Hér hafa verið lögð fram drög að aðferðafræði, fjallað um heimildir, gildi og sjónarmið, sem hafa áhrif á skilgreiningu og afmörkun menningarlandslags á hverjum stað. Nákvæmari afmörkun á hverjum stað, sérílagi sjónrænum helgunarsvæðum, þarf að byggja á frekari rannsóknum.

Vinna sú sem hér er lögð til, flokkun búsetulandslags og afmörkun menningarlandslags með sérstakt menningarsögulegt gildi, er sérlega brýn nú þegar íslensk stjórnvöld hafa fullgilt Evrópska landslagssáttmálann. Þau gögn sem til verða við þá vinnu munu nýtast við gerð skipulagsáætlana og stefnumótun í minjavörslu. Á þeim grunni verður líka nauðsynlegt að taka til umræðu hvernig best er að standa að verndun menningarlandslags. Eitt er að skilgreina menningarlandslagið og þau verðmæti sem í því felast, annað að skilgreina hverskonar landnotkun getur farið saman við verndun menningarlandslagsins og hver ekki. Nauðsynlegt er að umræða um þá hlið málsins fari af stað sem fyrst.

Heimildir

Aldred, Oscar 2006, 'The idea of landscape in Icelandic archaeology.' *Archaeologia islandica* 5, 9-26.

Aldred, Oscar & Graham Fairclough 2003, *The National HLC Method Review*, English Heritage/Somerset County Council.

Alþingisbækur Íslands I-XVII, Reykjavík: Sögufélag 1912-1990.

Anna Lís Guðmundsdóttir 2008, *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdarsvæðinu*, Minjasafn Reykjavíkur, skýrsla 138, Reykjavík.

Anna Lís Guðmundsdóttir & Margrét Björk Magnúsdóttir 2018a, *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsveggar frá Leirvogsa að Hvalfirði*, Borgarsögusafn, skýrsla 189, Reykjavík.

Anna Lís Guðmundsdóttir & Margrét Björk Magnúsdóttir 2018b, *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfnesvík, Perneyjarsundi*, Borgarsögusafn, skýrsla 191, Reykjavík.

Archaeology Data Service: <https://archaeologydataservice.ac.uk/archives/view/HLC/>

Árni Magnússon 1955, *Chorographica islandica*, Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta. Annar flokkur I. 2, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Ásta Hermannsdóttir 2011, *Lesið í landið. Fyrirbærafræði, fornleifaskráning og menningarlandslag*, BA ritgerð í fornleifafræði, Háskóli Íslands.

Birna Lárusdóttir, Edda Waage, Gísli Pálsson og Guðbjörg Jóhannesdóttir 2016, *Gildi landslags: Fagurferði, menningarminjar og saga*. Forrannsóknir til greiningar og mats á gildi landslags, unnar fyrir faghóp I, 3. áfanga Rammaáætlunar, Háskóli Íslands.

Birna Lárusdóttir ritstj. 2018, *Fornleifar í Ólafsdal við Gilsfjörð. Fornleifaskráning með landsháttagreiningu*, Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir ritstj. 2019, *Minjar og menningarsögulegt gildi landslags á hálendi Íslands*, Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Bjarni F. Einarsson 1995, *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, Reykjavík: Árbæjarsafn.

Bjarni Guðmundsson 2016, „Söfn og menningarlandslag.“ *Morgunblaðið* 30. maí 2016.

Bruun, Daniel 1897, *Fortidsminder og nutidshjem paa Island: Orienterende Undersøgelser foretagne i 1896*, København, 2. útg. 1928, *Fortidsminder og Nutidshjem paa Island*,

København. Þýðing Steindórs Steindórssonar: *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*, Steindór Steindórsson þýddi, Reykjavík: Örn og Örlygur 1987.

Clark, Jo; John Darlington & Graham Fairclough 2004, *Using Historic Landscape Characterisation*, English Heritage/Lancashire County Council.

Darvill, Timothy; Kerry Barrass, Laura Drysdale, Vanessa Heaslip & Yvette Staelens eds. 2019, *Historic Landscapes and Mental Well-being*, Oxford: Archaeopress.

Edda R.H. Waage & Guðbjörg R. Jóhannesdóttir 2019, "Að fanga fagurferðilegt gildi landslags. Þróun aðferðafræði í rannsóknum við mat á landslagi." *Ritið* 19/3, bls. 95-130.

Eggert Ólafsson & Bjarni Pálsson 1772, *Reise igiennem Island*, Sorøe.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar, Ágúst Ólafur Georgsson tók saman, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1990.

Gallou, Erini & Kalliopi Fouseki 2019, "Applying social impact assessment (SIA) principles in assessing contribution of cultural heritage to social sustainability in rural landscapes." *Journal of Cultural Heritage Management and Sustainable Development* 9(2). DOI: 10.1108/JCHMSD-05-2018-0037

Geertz, Clifford 1983, *Local Knowledge. Further Essays in Interpretative Anthropology*, New York: Basic Books 1983.

Gísli Pálsson 2011, *Characterizing Grímsnes- & Grafningshreppur. A Methodological Case Study*, MA ritgerð í fornleifafræði, Háskóli Íslands.

Guðmundur Ólafsson á.d., *Rannsókn á „kirkju Örlygs“ á Esjubergi sumarið 1981*, óbirt skýrsla, Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson 1988, *Hjónadysjar í Kópavogi*, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson 2004, *Þingnes við Elliðavatn og Kjalarnesþing. Rannsóknarsaga 1841-2003*, Þjóðminjasafn Íslands: Vinnuskýrslur fornleifa 2004/2, Reykjavík.

https://www.thjodminjasafn.is/media/utgafa/2004_2-Thingnes-vid-Ellidavatn-og-Kjalarnesthing-Rannsoknarsaga-1841-2003.pdf

Guðrún Sveinbjarnardóttir 1986, *Rannsókn á Kópavogsþingstað*, Kópavogur.

Helgi Þorláksson 1974, „Hólmurinn við Reykjavík.“ *Reykjavík í 1100 ár*, Reykjavík: Sögufélag, bls. 92-116.

Helgi Þorláksson 2017, „Frá landnámi til einokunar.“ *Líftaug landsins. Saga íslenskrar utanlandsverslunar 900-2010 I*, Reykjavík.

Historic England: <https://historicengland.org.uk/research/methods/characterisation-2/historic-landscape-characterisation/>.

Historic Environment Scotland: „Landscape and the historic environment.“
<https://www.historicenvironment.scot/advice-and-support/planning-and-guidance/legislation-and-guidance/landscape-and-the-historic-environment/>

Hörður Ágústsson 2000, *Íslensk byggingararfleifð II. Varðveisluannáll 1863-1990*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Islandske annaler indtil 1387, Gustav Storfm gaf út, Christiania 1888.

Íslenzk fornrit I-, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag 1933-

Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1853-1976.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín I-XIII, Reykjavík: Hið íslenska fræðafélag 1913-43, 1990.

Jefferson, Ed 2016, „Protecting the view. How St Paul’s Cathedral has been shaping the rest of London for centuries.“ *CityMetric* 14. nóvember 2016.

<https://www.citymetric.com/fabric/protecting-view-how-st-pauls-cathedral-has-been-shaping-rest-london-centuries-2577>

Johnsen, J. 1847, *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn.

Johnson, Matthew 2007, *Ideas of Landscape*, Oxford: Blackwell.

Jón Espólín 1829, *Íslands árbækur í sögu-formi VIII*. bindi, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Jónas Hallgrímsson 1989, *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar II. Bréf og dagbækur*, Haukur Hannesson, Páll Valsson, & Sveinn Yngvi Egilsson gáfu út, Reykjavík: Svart á hvítu.

Kaalund, P.E.K. 1877-82, *Bidrag til Topografisk-Historisk Beskrivelse af Island I-II*, København. Þýðing Haraldar Matthíassonar: *Íslenskir sögustaðir I-IV*, Reykjavík: Örn & Örlygur 1984-1986.

Kristján Eldjárn 1981, ‘Leiruvogur og Þerneyjarsund.’ *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1980, bls. 25-35.

Lísabet Guðmundsdóttir 2019, *Framkvæmdaefirlit vegna minjagarðs um Holdsveikraspítalann í Laugarnesi*, FS754, Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

„London's protected vistas.“ <https://mappinglondon.co.uk/2011/londons-protected-vistas/>.

Lozny, Ludomir R. ed. 2006, *Landscapes under Pressure. Theory and Practice of Cultural Heritage Research and Preservation*, New York: Springer.

Lúðvík Kristjánsson 1985, *Íslenskir sjávarhættir IV*, Reykjavík: Menningarsjóður.

Lýður Björnsson 1972, *Saga sveitarstjórna I*, Reykjavík.

Margrét Hallgrímsdóttir 1998, „Menningarlandslagið Reykjavík og búsetulandslagið Laugarnes.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1996-1997*, bls. 141-50.

Matthías Þórðarson 1922, *Fornleifar á Þingvelli. Búðir, lögrjetta og lögberg*, (Árbók hins íslenska fornleifafélags 1921-22), Reykjavík.

Matthías Þórðarson 1929, „Nokkrar Kópavogsminjar.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1929*, bls. 1-33.

Matthías Þórðarson 1945, *Þingvöllur. Alþingisstaðurinn forni*, (Saga alþingis II), Reykjavík.

Maurer, Konrad 1865, „Zur Geschichte der isländischen Litteratur“ *Germania* 10, bls. 476-98.

Oddgeir Isaksen 2011, *Minjar undir malbiki*, MA ritgerð í fornleifafræði, Háskóli Íslands.

Páll Sigurðsson 2000, *Aftökustaðir í Landnámi Ingólfs og aftökur dæmdra manna*, Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Piper, Kurt 1970, „Kirkja Hamborgarmanna í Hafnarfirði.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1969*, bls. 126-30.

Sigurður Guðmundsson 1878, *Alþingisstaður hinn forni við Öxará*, Kaupmannahöfn.

Sigurður Vigfússon 1881, „Rannsókn á blóthúsinu að Þyrli og fleira í Hvalfirði og um Kjalarnes.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1881*, bls. 65-78.

Sigurður Vigfússon 1884, 'Rannsókn um Vestfirði, einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu.' *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1883*, bls. 1-70.

Skúli Magnússon 1944, *Beskrivelse af Gullbringu- og Kjósar sýslur*, Bibliotheca Arnamagnæana IV, Hafniae.

Smith, Angus 1872 „On some ruins at Ellida Vatn and Kjalarnes in Iceland.“ *Proceedings of the Society of Antiquaries of Scotland* 10, bls. 151-77.

Stefán Gíslason ritstj. 2016, *Verkefnisstjórn 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar. Drög að lokaskýrslu*, Reykjavík.

Stenberger, Mårten red. 1943, *Forntida gårdar i Island. Nordiska arkeologiska undersökningen i Island 1939*, København.

Sveinbjörn Rafnsson 1971, „Kirkja frá síðmiðöldum að Varmá.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1970, bls. 31-49.

Sveinbjörn Rafnsson 1983, *Frásögur um fornaldarleifar*, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.

UNESCO: *Report on the Joint UNESCO World Heritage Centre/ICOMOS Reactive Monitoring Mission to the World Heritage Site of Historic Areas of Istanbul, from 27 to 30 April 2009.*

Þorsteinn Erlingsson 1899, *Ruins of the Saga Time: Being an Account of Travels and Explorations in Iceland in the Summer of 1895*, London.

Ö-Mógilsá (1967). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Örnefnasafn.

Stefán Gíslason ritstj. 2016, *Verkefnisstjórn 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar. Drög að lokaskýrslu*, Reykjavík.

Sveinbjörn Rafnsson, *Frásögur um fornaldarleifar*, Reykjavík 1983.

Valdimar Tr. Hafstein 2006, „Menningararfur: Sagan í neytendaumbúðum.“ *Frá endurskoðun til upplausnar. Tvær prófritgerðir, einn formáli, þrjú viðtöl, sjö fræðigreinar, fimm ljósmyndir, einn eftirmáli og nokkrar minningargreinar af vettvangi hugvísinda*, Ritstjórar Hilma Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson og Sigurður Gylfi Magnússon, Reykjavík, bls. 313-328.